

Skyggst inn í líf Ástu Sigurðar í kvöldgöngu

Lífið > 30



Erró í Listasafninu á Akureyri

Menning > 21



NÁÐU Í APPIÐ OG BYRJADU AÐ SPARA

samkaup
VERSLUN VIÐ HENDINA



FRÉTTABLAÐIÐ

157. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is



Ólympiuleikar fatlaðra fara fram í Tókýó 24. ágúst til 5. september. Íslenski hópurinn heimsótti forsetahjónin í gær, en Ísland sendir sex keppendur á leikana að þessu sinni. Þar á meðal er Arna Sigríður Albertsdóttir sem keppir í handahjólreiðum. Arna Sigríður er fyrsti íslenski keppandinn til þess að taka þátt í þessari grein á Ólympiuleikum. Hún er nú að fara á sína fyrstu leika. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR**

Forsætisráðuneytið hefur bólgnað út

Tölurverð fjölgun hefur orðið á starfsfólki forsætisráðuneytisins á undanförunum árum. Katrín Jakobsdóttir segir þetta eðlilega hliðarverkun.

urduryrr@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Starfsfólki forsætisráðuneytisins hefur fjölgað um þriðjung frá 2017 til 2020. Kynjahlutfallið hefur einnig skekkst nokkuð. Árið 2020 störfuðu þar nærri þrefalt fleiri konur en karlar. Árið 2017 starfaði 41 í ráðuneytinu, 21 kona og 20 karlar. Milli ára jókst sú tala um átta og voru þá 49 starfandi, 29 konur og 20 karlar. Næsta ár fækkaði körlum um sex og konum fjölgaði um fjórar. Þá var starfsfólk aðeins færra, eða 47.

Á síðasta ári voru 55 starfandi í ráðuneytinu, 40 konur og 15 karlar.

Þessar tölur eru í ársskýrslum forsætisráðuneytisins.


Samkvæmt svari frá Sighvati Arnmondssyni stjórnarráðsfulltrúa, er samanburður milli 2017 og 2020 nokkuð flókinn. Meðal annars hafi ráðherra og aðstoðarmenn ekki verið inni í tölunum frá 2017 en séu inni í tölunum frá 2020.

„Í árslok 2020 voru auk ráðherra, fimm aðstoðarmenn starfandi í ráðuneytinu," segir Sighvatur. Á móti teljist starfsmenn í öryggisgæslu ekki lengur starfsmenn ráðuneytisins heldur sé því sinnt af ríkislögreglustjóra. Þeir hafi verið þrjú árið 2017.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mætti í þáttinn Pólitik með Pál Magnússyni á Hringbraut í gærkvöldi og ræddi meðal annars fjölgun starfsfólks.

„Stóra breytan í því er að við

Fjölgun starfsfólks



færðum málaflökk jafnréttismála yfir í forsætisráðuneyti úr félagsmálaráðuneyti og þeim málaflökki fylgdi starfsfólk sem myndar núna skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu," sagði Katrín.

Þá sagði ráðherra aukningu starfsfólks eðlilega hliðarverkun af því stóra hlutverki sem forsætisráðuneytið hafi gegnt. Ráðuneytið eigi að vera leiðandi í stefnumótun og hafa tiltölulega sveigjanlegan starfsmannafjölda eftir því hvaða verkefni séu fyririggjandi. „Ég segi gjarnan að það skiptir miklu meira máli hvað við erum að fá út úr fólki en fjöldi þess," sagði hún.

Í svari Sighvats segir enn fremur að jafnréttismál hafi verið flutt til forsætisráðuneytisins frá félagsmálaráðuneytinu og að í árslok 2020 hafi verið fimm fastir starfsmenn á skrifstofu jafnréttismála. Þrjú hafi bæst við vegna Úrskurðarnefndar upplýsingamála. Að jafnaði sinni þrjú starfsmenn yfirlestri lagafrumvarpa sem fluttur hafi verið frá Skrifstofu Alþingis til forsætisráðuneytisins. ■

Aukin súrnun ógn í hafinu við Ísland

ser@frettabladid.is

LÍFRÍKI „Það er alveg á tæru að hafið í kringum Ísland er að súrna hraðar en sunnar í Atlantshafi. Þetta sýna langtímarannsóknir svo ekki verður um villst," segir Hrönn Egilsdóttir, sjávarvistfræðingur.

„Ástæða þess að hafið súrnar meira hér í norðurhöfum er kuldi sjávar," segir Sólveig Rósa Ólafsdóttir hafefnafræðingur, sem er nú við rannsóknir á ástandi sjávar norðan við land. **SJÁ SÍÐU 4**



Sólveig Rósa Ólafsdóttir hafefnafræðingur.

Mmm ...
Grillaðir ávextir
alveg grillað góðir!



ÞVEIKJUM
Á SUMRINU

KRÓNAN



Páll á Húsafelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikil reiði á báða bóga í Húsafelli

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Stóraukin harka er hlaupin í deilur Sæmundar Ásgeirssonar og Páls Guðmundssonar, sem hverfast um legsteinasafn Páls á Húsafelli. Kvaðst Páll í gær mundu hefja niðurrif hússins klukkan tvö í dag. Þetta kom fram í langri yfirlýsingu hans á Facebook.

„Yfirgengilegar og óaðgengilegar kröfur Sæmundar Ásgeirssonar og óskiljanleg stjórnsýsla Borgarbyggðar,“ var yfirskrift yfirlýsingar Páls. Sakar hann Borgarbyggð um að draga taum Sæmundar í málinu.

Yfirlýsing var boðuð í gærkvöld frá Sæmundi og fjölskyldu, en hún barst ekki áður en blaðið fór í prentun. Einn úr hópnunum lýsti mikilli reiði með yfirlýsingu Páls í gær, þar sem rangt væri farið með sjónarmið og kröfur Sæmundar.

Í yfirlýsingu frá Sæmundi í fyrradag segir að deilan hefði aldrei orðið, ef þeir sem byggðu legsteinasafnið hefðu staðið rétt að málum. ■

Þingrof og kosningabaráttan hafin



Fyrstu gestir sjónvarpsþáttarinnar Pólitik með Páli Magnússyni, sem hóf göngu sína á Hringbraut í gærkvöldi, þau Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Miðflokksins, klingdu glösum í myndverinu áður en tekist var á um pólitíkina í upphafi kosningabaráttunnar. Alþingi verður slitið í dag og þar með hefjast atkvæðaveiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Kvikmyndaskólinn rólegur þótt Listaháskólinn boði kvikmyndanám

benediktboas@frettabladid.is

NÁM „Við höldum bara áfram okkar striki,“ segir Böðvar Bjarki Péturson stjórnarformaður Kvikmyndaskólans, en stjórnvöld tilkynntu á þriðjudag að þau hefðu falið Listaháskóla Íslands að annast kvikmyndanám á háskólastigi frá og með haustinu 2022.

Kvikmyndaskóli Íslands, sem verður 30 ára á næsta ári, er háskóli í viðurkenningarferli. Nú er verið að leggja lokahönd á að færa starfseminna á háskólastig. Í mars sendi skólinn frá sér yfirlýsingu, eftir að greint hafði verið frá því að stjórnvöld hefðu fengið heimild til að undirbúa kvikmyndadeild við Listaháskólann.

Þar kom fram að Kvikmyndaskólinn hefði verið tilbúinn að taka á móti sérfræðingahópi ráðuneytisins síðan í september 2020, en



Kvikmyndagerðarfólk að störfum á Austurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

samkvæmt háskólaeigum ber ráðherra að fá umsögn þriggja óháðra sérfræðinga áður en háskóla viðurkenning er veitt. Skólinn bíður enn eftir þeirri heimsókn.

Böðvar bendir á að Listaháskólinn hafi oft ætlað að stofna kvikmynda-deild en það hafi ekki enn gerst og því sé hann rólegur yfir tíðindunum. Það séu fjölmörg ólík störf innan kvikmyndagerðar og Kvikmyndaskólinn mennti í um 36 af þeim. ■

Tveir fyrir einn með eldgosí og hnúfubökum á Faxaflóa

Eldgos í bakgrunni og stökkvandi hnúfubakar um allan Faxaflóa, er það sem ferðamenn hafa upplifað undanfarna viku eða svo. Nánast er grátið af gleði og hvalaskoðunarfyrrtækin njóta góðs af.

benediktboas@frettabladid.is

LÍFRÍKI „Ég vissi ekki í hvaða átt ég átti að horfa þegar ég fór í kvöldferð á þriðjudagskvöld, því það voru stökkvandi hnúfubakar úti um allt. Fólk var nánast grátandi af gleði um borð,“ segir Guðrún Ósk Friðriksdóttir hjá hvalaskoðunarfyrrtækinu Eldingu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag hefur verið mikið líf á Faxaflóa að undanförunu. Stökkvandi hnúfubakar nánast úti um allan flóa og með eldgosíð í bakgrunni eru ferðamenn að fá eitthvað svakalegasta tveir fyrir einn tilbod – nánast í sögunni.

„Síðustu dagar hafa verið algjörlega magnaðir. Eiginlega ruglaðir. Ég hef aldrei upplifað aðra eins hegðun hjá hvölunum. Hún er búin að vera þannig að þetta er eitthvað sem við erum ekki von að sjá,“ segir Guðrún.

Edda Elísabet Magnúsdóttir, hvalasérfræðingur við Háskóla Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið á þriðjudag að ekki sé vitað upp á hárf af hverju hvalir stökkvi enda sé hvert stökk mjög orkufrekt. Þó eru ýmsar kenningar á lofti.

„Til að hnúfubakar eyði orku í stökk af þessu tagi þarf orkubúskapurinn að vera í góðum málum, þeir vel nærðir og hafa gott aðgengi að fæðu,“ benti Edda á.

Guðrún segir að það sé mjög erfitt fyrir sig að stjórna væntingum fyrir ferðamenn sem koma og vilja sjá hvali og eldgos.

„Maður veit varla hvað maður á að segja því þetta er ekkert venjulegt,“ segir Guðrún og hlær.



Stökkvandi hnúfubakar með eldgosíð í bakgrunni á spegilsléttum Faxaflóa.

MYND/MIQUEL PONS



Ekki er vitað hvort hnúfubakar eru að benda öðrum hvölum á gott svæði til að nærast og séu með þessum stökkum að leita að félagskap, en hnúfubakar eru mjög félagslyndir.

„Þetta er klárlega búið að vera eitt af okkar betri sumrum. Hafið hefur líka verið alveg spegilslétt undanfarna viku, sem gerir sýninguna enn betri,“ segir Guðrún. „Það er búið að vera mikið að gera hjá okkur. Sem dæmi voru 40 skráðir í kvöldferðina okkar á þriðjudag en allt í einu var 91 kominn og fólk hreinlega grátbað um að koma með.“

Elding hefur þá sérstöðu að fara í kvöldferð út á Faxaflóa þegar fáir aðrir eru að sigla.

„Þá erum við á stóru bátunum okkar þar sem fólk getur kíkt í drykk inni á barnum og slakað á áður en við komum á staðina þar sem hvalirnir eru.“

Guðrún bendir á að Íslendingar séu að taka við sér þetta árið. Nú sé hægt að sjá íslensk nöfn í bókunarkerfinu, ekki aðeins í hvalaskoðun heldur einnig í öðrum ferðum Eldingar. „Þetta er alveg fyrir Íslendinga,“ segir Guðrún. ■

**Betri svefn
með Lin Design**

Lin
DESIGN

www.lindesign.is



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is

Nýja hraunið orðið tvöfalt stærra en Seltjarnarnes

ser@frettabladid.is

ELDGOS Hraunið sem rennur frá gosstöðvunum á Reykjaneskaga, ofan í Geldingadali, Meradali og Nátthaga, er orðið 4,4 ferkílómetrar að flatarmáli, en það er þar með orðið meira en tvöfalt viðfeðmara en allt bæjarlandið á Seltjarnarnesi, svo dæmi sé tekið. Stutt er þangað til það nær í sjó fram.

Hraunrennslíð hefur verið mismikið allt frá því þess varð fyrst vart að kveldi 19. mars fyrr á þessu ári,

raunar eins og strókarnir í gígnum sem lengst hefur lifað á staðnum, en jarðeldarnir á þessu tæplega fimm mánaða skeiði sem þeir hafa varað, hafa verið ófyrirséðir.

„Gígavirknin kemur í lotum, sem þó eru mjög reglulegar,“ segir Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjallafræði við Háskóla Íslands, sem gjörþekkir framvinduna á eldstöðvunum. Hver strókalota varir í um það bil 10 til 20 klukkustundir, en hléin á milli lotna eru síðan frá 7 til 12 tímar.



Hér má sjá hraunflæmið sem runnið hefur í Meradali.

MYND/MAGNÚS ORRI

„Það er eins og það safnist fyrir uppblásin blaðra í gosrásinni sem kvikan ýti að lokum upp með tilþrifum á bökkum gígsins,“ útskýrir Þorvaldur.

Hann metur það svo að hraunbreiðan sé orðin um 40 metra þykk í Geldingadöllum og Meradöllum – og efram haldi sem horfi taki það ekki tauminn nema fjórar til fimm vikur að renna úr Meradöllum, fremur en úr Nátthaga – og þaðan yfir Skolahraun, Suðurstrandarveg og loks í sjó fram. ■



Ylströndin í Sjálandi í Garðabæ.

Mengunin mælist ekki yfir mörkum

hvorvaro@frettabladid.is

GARÐABÆR Farið var yfir ábendingar íbúa Garðabæjar um mengun við ylströndina í Sjálandi, á fundi umhverfisnefndar bæjarins í gær.

Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi, greindi frá því á fundinum að mælingar heilbrigðiseftirlitsins gæfu til kynna að mengunin væri ekki af mannavöldum.

„Um er að ræða brúna froðu ofan á sjónum við ylströndina. Við höfum mælt magn saugerla á svæðinu og magnið er innan marka.“

Við teljum við fyrstu sýn að um sé að ræða rotnun á plöntum eða þörungum. Næsta skref er að fá óháðan aðila til þess að skoða aðstæður nánar og finna út af hverju mengunin stafar,“ segir Guðlaug Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda hjá Garðabæ. ■

LEIÐRÉTTING

Ekki er rétt sem fram kom í Fréttablaðinu 4. ágúst að Félag pípulagningameistara væri meðal þeirra sem gert hafa athugasemd við nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir smáhýsum í Laugardal fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Svo virðist sem félagið hafi verið tilgreint fyrir mistök í fundargerð skipulagfulltrúa, þar sem fyrrverandi formaður félagsins sendi inn athugasemd í sínu nafni.

Hafið í kringum Ísland súrnar mun hraðar en sunnan til í Atlantshafinu

Lífriki hafsins við Ísland verður fyrir miklu álagi vegna súrnunar sjávar. Það getur bitnað á bæði kóralrifjum suður af landi og skelfiski, sem ræður miklu um afkomu botnfisktegunda eins og þorsks.

ser@frettabladid.is

LÍFRÍKI „Það er alveg á tæru að hafið í kringum Ísland er að súrna hraðar en sunnan í Atlantshafi. Þetta sýna langtímarannsóknir svo ekki verður um villst,“ segir Hrönn Egilsdóttir, sjávarvístfræðingur á Hafrannsóknastofnun.

Hrönn vísar þar í áratugalanga vöktun á sýrustigi sjávar, sem hófst í úthafinu norðan og sunnan við Ísland árið 1983. „Þetta er ein elsta langtímarannsókn á ástandi sjávar sem enn er í gangi í heiminum.“

Rannsóknin byggist á gögnum frá einni mælistöð í úthafinu sunnan við Ísland og annarri stöð norður á nyrstu mörkum Íslandshafs, nánar til tekið á 68. gráðu norðlægrar breiddar. „Mælingar á þessum stöðum,“ segir Hrönn, „sýna að súrnunin er jöfn og stöðug allt frá byrjun rannsóknanna.“ Vöktunin sé regluleg, fari fram ársfjórðungslega – og sé einkar ábyggileg, sakir þess hvað hún nái yfir langan tíma. Og þróunin sé skýr og óumdeilanleg.

Undir þetta tekur Sólveig Rósa Ólafsdóttir, hafefnafræðingur, sem er núna við rannsóknir á ástandi sjávar norðan við land. „Ástæða þess að hafið súrnar meira hér í norðurhöfum er kuldi sjávar. Koldíoxíð sem veldur súrnuninni er lofttegund sem hefur meiri leysni í köldu vatni en heitara,“ útskýrir Sól-



Þorskurinn, og aðrar botnfisktegundir við Íslandsstrendur, verður fyrir barðinu á súrnun sjávar, en kalkdýr sem hann lifir á eiga erfiðara uppdráttar þegar sjórinn súrnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Súrnunin er jöfn og stöðug allt frá byrjun rannsóknanna.



Hrönn Egilsdóttir, sjávarvístfræðingur á Hafrannsóknastofnun.

veig Rósa og vill þar með meina að hafsvæðin á köldum slöðum eins og fyrir norðan land séu viðkvæmari fyrir loftlagsbreytingum en heitari hafsvæði.

Áhrif súrnunarinnar eru mikil á lífríkið í hafinu. „Þau þýða að lífríkið hér við land verður fyrir auknu álagi miðað við annars staðar,“ bendir Hrönn á. „Það verður erfiðara fyrir kalkmyndandi lífverur að dafna,“ segir Sólveig Rósa. Og þar eru komin mörg mikilvægustu kalkdýr sjávar á borð við krækling, ígulker og krossfisk, sem ráða miklu í afkomu botnfisktegunda við Íslandsstrendur, en þar á meðal má nefna þorskind, eitt dýrasta sjávarfang Íslendinga.

„Þar við bætist að öll kaldsjávarkóralrifin suður af landi, þau viðfeðmustu við strendur Evrópu, geta átt undir högg að sækja þegar fram líða stundir, því kalkmyndunin skiptir þau sköpum,“ segir Hrönn.

Bæði Hrönn og Sólveig Rósa segja mikilvægt að leggjast í frekari rannsóknir á áhrifum umhverfisþátta í hafinu í kringum Ísland, svo afleiðingar af samverkandi þáttum hærri lofthita, meiri plastmengunar og súrnunar í sjónum verði mönnum ljósari. Í því efni megi þó gleðjast yfir nýju fjárfraðslu Umhverfisstofnunar til rannsókna á sjávarbotninum fyrir norðan land, en betur megi þó ef duga skal. ■

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

6.499.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.662.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

5

8

PLUG-IN HYBRID

NÝ HÖNNUN
NÝ INNRETTING
NÝ TÆKNI
NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR



HAUST ÚTSALA

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR
MIKIÐ ÚRVAL OG HÖRKU AFSLÁTTUR

Birgisson®



OKKAR VÖRUR ERU UMHVÆFISVOTTAÐAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Heiðmörk er óðum að jafna sig eftir stórbrunann í vor

ser@frettabladid.is

NÁTTÚRA Skóglendið í Heiðmörk sem varð eldi að bráð í vor er óðum að ná sér. „Þetta á sérstaklega við um allan lággróðurinn,“ segir Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur sem segir þann gróður hafa tekið merkglega mikið við sér.

„Það má jafnvel halda því fram að bruninn hafi virkað sem áburðargjöf fyrir allan þennan undirgróður



Það má jafnvel halda því fram að bruninn hafi virkað sem áburðargjöf.

Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur.

í Heiðmörkinni,“ segir Jóhannes og er vongóður um að stærri trén taki við sér. „Sum trén virðast ætla að lifa þetta af.“

Bruninn óð yfir 60 hektara svæði á vordögum, en erfiðlega gekk um tíma að ráða niðurlögum hans úr lofti og af láði.

„Það er hafin rannsókn á vistkerfinu á brunasvæðinu á okkar vegum,“ segir Jóhannes. „Við ætlum ekki að aðhafast neitt á svæðinu á meðan sú rannsókn fer fram.“ ■



Lággróðurinn í Heiðmörk dafnar vel og sum brenndu trén virðast ætla að lifa.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Miklir skógareldar geisa í Alsír þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skógareldar valda manntjóni í Alsír

hjoarvaro@frettabladid.is

ALSÍR Briggja daga þjóðarsorg er í gildi í Alsír vegna þess manntjóns sem hefur orðið í skógareldum þar í landi síðustu daga. Minnst 69 hafa látist í eldunum, en þar á meðal eru 28 hermenn sem hafa aðstoðað við slökkvi- og björgunarstarf.

Talið er að eldarnir hafi kviknað af mannavöldum, en upptök þeirra eru á um 50 stöðum. Nokkrir hafa verið handteknir grunaðir um að hafa kveikt eldana. Hitabylgja hefur geislað í Alsír undanfarið og sterkir vindar hafa magnað eldana. ■

Hitamet slegið á evrópskri grundu

hjoarvaro@frettabladid.is

ÍTALÍA Mesti hiti sem mælst hefur í Evrópu mældist á Ítalíu í gær, þegar hitastigið fór í 48,9 gráður í Sýrakúsu á Sikiley. Ítölsk stjórnvöld hafa lýst yfir neyðarástandi þar í landi.

Alþjóða veðurfræðistofnunin telur að fyrra metið, 48 gráðu hiti í Aþenu árið 1977, hafi þar af leiðandi verið slegið. Hitabylgja gengur nú yfir Miðjarðarhafið, þar á meðal Grikkland og Tyrkland. ■

Nægur mannaflí fyrir Talibanana

Sífelld fleiri héruð og borgir falla nú í hendur Talibanana í Afganistan. Ekkert lát er á sókn þeirra og óttast er að þeir sölsa allt landið undir sig á næstu misserum. Hverjir eru Talibanar?

thorvardur@frettabladid.is

AFGANISTAN Orðið talibani þýðir á pastúnsku nemendur, en það er algengasta tungumálið í Afganistan og það tungumál sem stærstur hluti Talibanana talar.

Nafnið vísar til uppruna þeirra í islömskum trúarskólum og sem nemendur Mullah Omar, stofnanda samtakanna. Þau voru stofnuð árið 1994 í borginni Kandahar og töldu þá um 50 manns, flesta frá svæðum Pastúna í austur- og suðurhluta landsins.

Markmið Talibanana er að koma aftur á islömsku furstadæmi í landinu þar sem löggjöf byggir á sjaríalögum sem finna má í Kóraninum. Tölur um fjölda Talibanana eru mjög áreiðandi en talið er að þeir séu allt að 85 þúsund.

Talibanar komust fyrst í heimfréttirnar er þeir hertóku Kandahar, næststærstu borg Afganistan árið 1994. Tveimur árum síðar náðu þeir höfuðborginni Kabúl á sitt vald og þar með stjórn landsins, eftir borgarastríð sem hófst eftir að sovéskt herlið fór frá landinu árið 1989.

Sovéski herinn réðst þangað inn tíu árum fyrr og barðist við íslamska vígamenn sem nutu stuðnings Bandaríkjanna og fleiri vestræna ríkja, auk Pakistans. Hryðjuverkasmátökin Al Kaída voru stofnuð af vígamönnum sem barist höfðu gegn sovéska hernum.

Talibanar stjórnðu landinu með harðri hendi til október 2001 er Bandaríkin og NATO réðust inn í landið eftir hryðjuverkaárásirnar



Liðsmaður Talibanana með heimamönnum í Baghlan í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Talibanar stjórnðu landinu með harðri hendi til október 2001, er Bandaríkin og NATO réðust inn í landið eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september sama ár.

11. september sama ár. Al Kaída, undir forystu Osama Bin Laden, fengu að starfa óáreiðt í Afganistan í stjórnartíð þeirra og hluti skipulagningar árásanna fór þar fram. Ein helsta réttlætningin fyrir innrásinni var sú að þar ættu hryðjuverkamenn örugga höfn.

Talibanar máttu sín lítils gegn Bandaríkjaher og NATO-ríkjum. Margir háttsettir meðlimir samtakanna, auk hryðjuverkamanna úr röðum Al Kaída, voru fluttir frá borginni Kunduz í nóvember 2001 af pakistanska hernum. Var þetta gert með vitund og leyfi frá George Bush þáverandi Bandaríkjaforseta og Dick Cheney varaforseta. Þar

skipulögðu þeir endurkomu sína undir verndarvæg Pakistans, sem hefur lengi verið sakað um að styðja við Talibanana með því markmiði að hafa ítök í landinu.

Síðan þá hafa Talibanar stundað skæruhernað gegn erlendu herliði og stjórnvöldum í Afganistan. Eftir því sem fækkað hefur í röðum erlendra hermanna í landinu hafa Talibanar eflst.

Enginn skortur er á mannafla, þar sem margir ganga í raðir þeirra í hefndarhug eftir að þorp eru sprengd í loftárásum, auk þess sem stjórnvöld í Afganistan eru spillt og illa í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem þeim ber að sinna. ■

Tífalt fleiri farþegaskip í sumar

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Horfur eru á að minnst 72 farþegaskip komi til Faxaflóahafna í sumar með um 33 þúsund farþega, en það er margföldun frá því á síðasta sumri þegar 7 skemmtiferðaskip köstuðu þar akkerum með 1.346 farþegum.

„Bókanir það sem af er sumri hafa verið langt umfram væntingar,“ segir Erna Kristjánsdóttir, markaðs- og gæðastjóri Faxaflóahafna, en hún kveðst allt eins eiga von á því að skipakomurnar verði tíðari en bókanirnar, sem þegar eru skráðar, gefa til kynna.

Í fjárhagsáætlun Faxaflóahafna fyrir árið 2021 var ekki gert ráð fyrir miklum tekjum af skipakomum farþegaskipa og byggir sú áætlun á niðurstöðum ársins 2020 því ekki var vitað hvernig heimfaraldurinn myndi þróast.



Íslendingar eru vanir komu skemmtiferðaskipa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Að minnsta kosti 72 farþegaskip munu koma í Faxaflóahöfn í sumar með 33 þúsund farþega innanborðs.

Skipin sem koma í ár til landsins eru, að sögn Erlu, litlu og miðlungsstóru farþegaskipin sem komast í flestar hafnir landsins. Allir farþegar þeirra koma með flugi í gegnum Keflavíkurlugvöll og eru fullbólu settir og nýskodaðir, en farþegar og áhöfn eru svo prófuð dag hvern. „Stjórnendur skipanna hafa staðið sig með sóma í smitvörnum,“ segir Erna. ■

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir á **opticalstudio.is** og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

GIORGIO ARMANI

Adria Arjona

I AM WHAT I LIVE

MY WAY

THE NEW FEMININE FRAGRANCE



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM

GIORGIO ARMANI ILMUM DAGANA 12. - 18. ÁGÚST

Kaupuki fylgir þegar verslað er fyrir 9.500 kr. eða meira

*Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP

Snyrtivara

Dvelja mun lengur á landinu en árið 2019

Dvalartími ferðamanna á þessu ári er mun lengri en hann var árið 2019. Fjöldi ferðamanna sem kemur í ár gæti því skilað meiri gjald-eyristekjum en áður var búist við.

thorsteinn@frettabladid.is

„Það er ljóst að verðmæti á hvern ferðamann verða meiri í ár en árið 2019 og jafnvel töluvert meiri. Það er eftirtektarverð aukning,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, í samtali við Fréttablaðið.

Meðalfjöldi gistingu á júní var um 11,3 nætur, en til samanburðar var meðaltalið 6,3 nætur í júní 2019 og 6,4 nætur í júlí sama ár.

„Bandaríkjamenn eru nálægt því að vera helmingur ferðamanna en voru um þriðjungur árið 2018, og við heyrum frá félagsmönnum okkar að Bandaríkjamenn séu að kaupa meiri afþreyingu, kaupa fleiri gistinguætur og fara lengra út á land en áður.“

Að því leyti er dvalartími Bandaríkjamanna, sem eyða að jafnaði mest allra ferðamanna hér á landi, farið að líkjast dvalartíma Evrópubúa. „Ef þetta er ekki einungis tímabundin þróun sem má rekja til ferðaþrár eftir Covid, þá eru jákvæð teikn á lofti um verðmætasköpun í ferðaþjónustunni,“ bætir Jóhannes við.

Verðmætaaukning í ferðaþjónustu er ekki sjálfgefin. Að sögn Jóhannesar er mikilvægt að greina hvaða hópar eru að koma til landsins og setja fjármagn í markaðssetningu svo að þeir haldi áfram að koma.

„Mögulega hefur orðið betri vitund og þekking á Íslandi meðal fagætisferðamanna, sem gera miklar kröfur um afþreyingu og aðbúnað, og ráðstefnu- og hvataferðamanna,“ segir Jóhannes.

Farþegar til landsins í júlí voru 155 þúsund talsins og er það um það bil helmingur miðað við júlí 2019 og meira en allt sumarið í fyrra, en þá námu þeir 72 þúsund manns. Spár greiningaraðila hafa gert ráð fyrir að fjöldi ferðamanna á þessu ári verði um 750 þúsund til 800 þúsund.

„Við erum í góðu færi til að ná þessum fjölda,“ segir Jóhannes. „Og ef það koma 850 þúsund ferðamenn í ár þá geta heildarverðmætin sem þeir skilja eftir náð langt upp í það sem var árið 2019. Það væri mjög góð niðurstaða.“

Fjölgun smita á Íslandi hefur ekki haft nein áhrif á fjölda flugvéla sem koma til landsins. Fjöldi flugvéla sem hafa komið til landsins það sem



Farþegar til landsins í júlí voru 155 þúsund talsins og er það um það bil helmingur miðað við júlí 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Fjöldi flugvéla sem hafa komið til landsins það sem af er ágúst hefur verið í kringum 50 vélar á dag en var um 39 vélar á dag á sama tíma í júlí.

af er ágúst hefur verið í kringum 50 vélar á dag, en var um 39 vélar á dag á sama tíma í júlí.

Kristófer Oliversson, formaður Félags hótél- og gistihúsaeygenda, sagði í samtali við Fréttablaðið fyrr í þessum mánuði að ekkert bæri á afbókunum þrátt fyrir að Ísland væri orðið rautt á korti Sóttvarnastofnunar Evrópu. Hann sagði markaðssetninguna gagnvart bólusettingu Bandaríkjamönnum hafa gengið eftir og þeir streymdu hingað til lands í þeim mæli sem menn hefðu vonast til.

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir,

Farþegafjöldi Keflavíkurflugvallar - brottfarir



Ef það koma 850 þúsund ferðamenn í ár þá geta heildarverðmætin sem þeir skilja eftir náð langt upp í það sem var árið 2019. Það væri mjög góð niðurstaða.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu, sagði að breyting myndi ekki hafa áhrif á ferðalög Bandaríkjamanna til Íslands.

„Við teljum ekki að þetta hafi áhrif, því þetta eru mest bólusettir ferðamenn sem koma frá Bandaríkjunum og það hafa verið mjög strangar reglur fyrir óbólusetta frá því í fyrra,“ sagði Sigríður Dögg. ■

Dohop tapaði 284 milljónum í fyrra

thorsteinn@frettabladid.is

Hugbúnaðarfyrirtækið Dohop tapaði 284 milljónum króna á síðasta ári, samanborið við tap upp á 238 milljónir króna árið 2019.

Rekstrartekjur Dohop, sem var stofnað árið 2004, námu 531 milljón króna í fyrra og lækkuðu um 140 milljónir á milli ára. Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop, sagði í viðtali við Markaðinn í nóvember að horfur hefðu verið á því að veltan yrði á bilinu 1,2 til 1,5 milljarðar króna á árinu. Kórónufaraldurinn setti hins vegar strík í reikninginn.

Vaxtarsjóðurinn Scottish Equity Partners (SEP), sem fjárfesti meðal annars í Skyscanner árið 2007, fjárfesti fyrir á annan milljarð króna í Dohop undir lok síðasta árs. Í ársreikningi íslenska félagsins kemur fram að skoski sjóðurinn eigi um 37 prósentu hlut. Næst stærsti hlut-



Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop.

hafinn er Vivaldi Ísland, sem er í eigu Jóns S. von Tetzchner.

Dohop þróa hugbúnað fyrir flugfélög. Í grunninn hjálpar hugbúnaðurinn flugfélögum að selja tengiflug á heimasíðu sínum. Hér á landi er fyrirtækið þekkt fyrir heimasíðu sína þar sem hægt er að leita að flugi víða um heim. Á undanförunum árum hefur áherslan flust af rekstri heimasíðunnar yfir í að þróa hugbúnað þar sem fólk leitar að tengiflugi á heimasíðu flugfélaga. Nýlega var greint frá samstarfi milli Dohop og Vueling, stærsta flugfélags Spánar, um nýja þjónustu sem auðveldar tengiflug. ■

Skeljungur gæti selt eignir fyrir allt að 10 milljarða

thorsteinn@frettabladid.is

Skeljungur hefur tekið ákvörðun um að setja fjölda fasteigna og lóða í sölufæri, með það í huga að leigja þær til baka að hluta eða öllu leyti. Heildarvirði eigna sem hér um ræðir nemur 10 milljörðum króna samkvæmt bráðabirgðamati, en fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka verður félaginu til ráðgjafar. Þetta kom fram í tilkynningu frá Skeljungu, sem var birt samhliða árshlutauppgjöri félagsins.

Skeljungur hagnaðist um 292 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 114 milljónir á sama ársfjórðungi í fyrra. Framlegð nam tæplega 2,5 milljörðum króna og hækkaði um 8,6 prósent.

Haft er eftir Árna Péttri Jónssyni, forstjóra Skeljungs, að afkoma annars ársfjórðungs hjá samstæðunni



Mikil uppstokkun er fram undan hjá Skeljungu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

beri með sér að aðstæður í efnahagslífinu séu smám saman að færast nær því sem var fyrir heimsfaraldurinn.

Kaup Skeljungs á Löðri og Dælni voru nýlega samþykkt af Samkeppniseftirlitinu og hefur félagið tekið yfir þann rekstur. Þá var skrifað undir kaup á Lyfjavali, sem á og rekur þrjú apótek, og undirritað ramma-samkomulag við Reykjavíkurborg vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva.

Markaðurinn greindi frá því í gær að stjórnendur og hluthafar sem fara með ráðandi eignarhlut í Skeljungu skoðuðu nú að gera breytingar á samþykktum félagsins, sem rekur meðal annars yfir 60 bensínstöðvar undir merkjum Orkunnar á Íslandi, þannig að kveðið sé á um að megin-tilgangur þess verði fjárfestinga-starfsemi. Í kjölfarið sendi félagið út tilkynningu þar sem áréttað var að engin slík ákvörðun hefði verið tekin. ■

ÚTSALAN ER HAFIN

20-70%

AFSLÁTTUR



KOMDU OG GERÐU GÓÐKAUP STRAX Í DAG

Rúmföt
-20-30%

Heilsurúm
-20-40%

Sófar
-20-50%

Hægindastólar
-20%

Gjafavara
-20%

Húsgögn
-20-50%

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Gunnhildur er einkar tilkomumikið fjall, ekki sist í návígi.

Gengið á Gunnhildi



Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.

Loðmundarfjörður er 6 km langur eyðifjörður milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri, sem umgirtur er tilkomumiklum fjöllum. Þessi þröngi en gróni fjörður er gösenland göngufólks og margar spennandi gönguleiðir í boði. Má þar nefna Loðmundarskriður, fjallið Skæling eða lengri göngur yfir Hjálmárdalsheiði í Seyðisfjörð, um Kækjuskörð í Borgarfjörð eystri, yfir Nesháls í Húsavík eða um Hraundal í Hérað.

Í Loðmundarfirði var áður töluverð byggð, enda fjörðurinn vel gróinn og stutt á miðin. Samgöngur á landi voru þó erfiðar og snjóþyngsli mikil, sem átti sinn þátt í að byggðin lagðist í eyði 1973. Kyrrðin ríkir því í Loðmundarfirði, sem státar af margbreytilegu fuglalífi og flóru og þar sem hreindýr eru nánast fastagestir. Athyglinni stela þó brött fjöllin sem eru af ýmsum stærðum og gerðum og eiga sér mörg frumleg örnefni. Má þar nefna fjöllin Skæling og Skúmhattarbrík og bæina Sævarenda og Klyppstað. Síðast en ekki sist er þar svipmikið fjall, Gunnhildur, oft kallað Gunnhildin, við sunnanverðan fjörðinn innanverðan, en í hliðum þess er Atnhefðuhjalli. Ekki er ljóst hvernig nafnið Gunnhildur er til komið en landnámsmaðurinn Loðmundur, sem fjörðurinn er kenndur við, átti konu sem hét Gunnhildur, en þau komu frá Vors í Noregi þar sem einmitt er fjall sem heitir Gunnhild.




Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari.



Athyglinni stela þó brött fjöllin sem eru af ýmsum stærðum og gerðum og eiga sér mörg frumleg örnefni.

Það er gaman að ganga á Gunnhildi þótt gangan sé nokkuð krefjandi. Tilvalið er að halda til í vel búnum skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs við Klyppstað, en við skálann er einnig ágætt tjaldstæði. Þaðan er gengið í suður, yfir Fjarðará á göngubrú að býlinu Sævarenda og áfram að austanverðum brekkum Gunnhildar eftir slóða sem liggur inn í Hjálmárdal. Þegar komið er inn dalinn er sveigt til vesturs og stefnan tekin á hátindinn. Efst er frábært útsýni yfir norðanverða Austfirði, Víkna-slóðir og Loðmundarfjörð í heild sinni. Þarna má minnst hinstu ferðar hins rammgöldrötta Loðmundar út fjörðinn. Hann hafði þá haft vetrardvöl norðan í firðinum í Knarrarvík og hugðist leita að öndvegissúlum sínum. Lagðist hann fýldur fyrir í skipi sínu og bað um að láta ekki ónáða sig. Stuttu síðar heyrðist mikill gnýr og sást skriða hlaupa úr fjalli fyrir ofan bæ hans og eyða honum. Mælti Loðmundur þá að „ekkert það skip sem myndi róa út þennan fjörð myndi koma heilt aftur“. Ekkert minntist Loðmundur á gönguferðir og því óhætt að mæla með þeim í stað sjóferða á firðinum fagra. ■



Horft út Loðmundarfjörð. Fjallið Gunnhildur til hægri en fyrir miðjum dalnum rennur Fjarðará.

MYNDIR/ÓMB



Göngufólk í bröttum hliðum Gunnhildar, en úr hliðum hennar býðst frábært útsýni.

TAX FREE

*12. - 16. ágúst af skólatöskum**



*Tax free er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á við kassa og ríkissjóður fær að sjálfsögðu sinn skerf.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

WWW.A4.IS

A4+

Skýrslan



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ný og hrollvekjandi skýrsla Sameinuðu þjóðanna um loftslagsvána hefur hrist upp í heimsbyggðinni. Fyrri skýrslur stofnunarinnar um loftslagsmál hafa ekki einkenst af jafn sterku orðalagi og er í þessari skýrslu og gögnin sem hún er unnin út frá eru sögð betri en áður. Þetta er samt langt frá því að vera fyrsta alvarlega viðvörðunin sem mannkynið fær.

Allir sem fylgst hafa með málflutningi þeirra sem kynnt hafa sér loftslagsvána hafa heyrt með reglulegu millibili sömu aðvaranir og settar eru fram í skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Þær hafa komið úr ýmsum áttum, meira að segja frá barni sem hafði til að bera meiri framsýni en flestir þjóðarleiðtogar heims. Fjölmarginir kærðu sig þó engan veginn um að hlusta á Gretu Thunberg og veittu varnaðarorðum náttúrufræðingsins Davids Attenborough heldur enga athygli, en bæði hafa þau í allnokkurn tíma grátbedið heimsbyggðina um að taka sönsum í umhverfismálum. Fjölmarginir sprenglærðir vísindamenn og fræðimenn hafa síðan lengi verið óþreytandi við að benda á að alls kyns hörmungar sem gengið hafa yfir heiminn væru vegna athafna mannkyns og að bregðast yrði samstundis við. Það er því ekki hægt að láta eins og við höfum ekki fengið nóg af aðvörðunum.


Skýrsla Sameinuðu þjóðanna er nú á forsiðum heimsblada og niðurstöður hennar eru fyrsta frétt á sjónvarps- og útvarpsstöðvum. Samt boðar hún engin ný sannindi, þótt hún hafi nánast verið kynnt þannig. Lengi hefur verið ljóst hvað biði mannkyns, sæi það ekki að sér og hætti að eyðileggja jörðina. Þau ríki sem nú setja sig í ábyrgðarfullar stellingar og boða aðgerðir í kjölfar þessarar nýju skýrslu hefðu átt að gera það mun fyrr. Of lengi og of víða hafa þau forkastanlegu viðbrögð tíðkast að sitja með hendur í skauti og segja loftslagsvána vera seinni tíma mál.

Vonandi er nú loks komið að því að heimsbyggðin átti sig og geri sitt til að afstýra þeirri vá sem svo lengi hefur vofað yfir henni. Virðingarleysi mannsins gagnvart náttúrunni hefur kostað ótal mannlíf og þau munu verða fleiri. Maðurinn hefur látið eins og hann hafi allan tímann í heiminum til að athafna sig að vild. Það er ekki þannig. Afleiðingarnar af græðgi hans og kæruleysi blasa nú við, sem aldrei fyrr.

Okkur er sagt að ekki sé of seint að snúa við blaðinu. Ef það er rétt þá er mikilvægt að nýta tímann vel. Enda á uppgjöf á erfiðleikatímabilum engan veginn að vera í boði. ■

” Það er því ekki hægt að láta eins og við höfum ekki fengið nóg af aðvörðunum.

Halldór



Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Ekki spæja um laxa

Fiskeldisfyrirtækið Arctic Fish er ekki ánægð með að kajak-ræðarinn Veiga Grétarsdóttir hafi myndað í sjókvíum í Arnarfirði og Dýrafirði. Urðu myndir hennar af geysilega illa særðum löxum tilefni fréttu. Arctic Fish segir Veigu hafa farið í kvíarnar án leyfis. Mikilvægt sé að bera ekki hugsanlegar sýkingar milli fjarða og eldissvæða. Þegar myndskreiðin hafi verið tekin hafi sennilega verið um fimm milljónir fiska í kvíum á Vestfjörðum. Særðir fiskar séu algjör undantekning og 99 prósent fiska séu án útlitsgalla. Það þýðir þá væntanlega að aðeins 50 þúsund útlitsgallaðir laxar svömluðu um kvíarnar.

Leit að kosningamálum

Kórónaveiran er svo skæð að hún mun jafnvel lama kosningabaráttuna sem fram undan er. Að minnsta kosti virðist ekki útlit fyrir að hægt verði að reka grímulausan áróður. Svo yfirþyrmandi hefur Covid-19 verið í þjóðlífinu að önnur mál-efni falla öll í skuggann. Verður fróðlegt að sjá hvaða mál flokkunum tekst að draga upp úr hatti sínum. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi nú í ofanálag slegið vopn úr höndum andstæðinga sinna með því birta lista yfir allt það sem henni hefur mistekist að gera á kjörtímabilinu. ■

Jákvæð teikn á lofti í atvinnumálum



Hólmfríður Árnadóttir
leiðir lista
Vinstri grænna í
Suðurkjördæmi.

Nýjar tölur af vinnumarkaði gefa tilefni til bjartsýni. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er komið niður í 10,9%, sem eru afar góðar fréttir, þó enn sé það hlutfallslega mest á landinu, og á Suðurlandi er atvinnuleysi komið niður í 4,0%. Þó að þetta séu tölur sumarsins þar sem hluti starfa eru sumarafleysingar, þá hefur atvinnu-átakið „Hefjum störf“ skilað riflega fimm þúsund ráðningarsamningum. Það úrræði er ýmist í formi átaksverkefna eða reynsluráðninga en getur orðið upphafið að lengra ráðningarsambandi eða í það minnsta brúað bilið þar til önnur störf verða í boði.

Jákvæðar tölur

Þetta eru afar jákvæðar tölur frá 24,5% atvinnuleysi á Suðurnesjum í janúar, svo ljóst er að aðgerðir stjórnvalda hafa skipt miklu máli, sem og vilji fyrirtækja og stofnana til að sækja um og taka þátt í áttakinu. En fleira hefur komið til því fyrirtæki hafa sum hver þurft lífæð og þar hafa lokunarstyrkir, tekjufallsstyrkir og viðspyrnustyrkir ásamt hlutabótaleiðinni, komið smáum sem stærri fyrirtækjum vel og um leið gert þeim kleift að nýta sér átakið „Hefjum störf“.

Tryggjum jöfnuð og farsæld

En við þurfum að gera enn betur, því eins og tölur um ráðningarsambönd sýna hallar því miður á konur. Eins ber að nefna erlenda ríkisborgara en þeir eru tæp 40% atvinnuleitenda. Því er mikilvægt að horfa til jafnréttisáætlana og hafa þær til hliðsjónar við auglýsingar og ráðningar, enda félagslegt réttlætismál að allir fái sömu tækifæri til að tryggja sér atvinnu og eigin afkomu, aðeins þannig tryggjum við jöfnuð og farsæld í samfélaginu. ■

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Hvor leiðin að stöðugleika er betri?

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson.

Allir stjórnmalaflokkar hafa stöðugleika á stefnuskrá.

Pólitískur stöðugleiki, sem felst í því einu að ríkisstjórn sitji, kemur að litlu haldi ef sú seta tryggir ekki stöðugleika í þjóðarbúskapnum og næga verðmætasköpun.

Stöðugleikaáhrif stjórnvalda birtast einkum í stjórn þeirra á gjaldmiðlinum og ríkissjóði.

Króna með eða án hafta

Átta flokkar sitja nú á Alþingi. Á vorþinginu voru þó bara lagðar fram tvær tillögur um ólíkar leiðir að traustari stöðugleika krónunnar á næsta kjörtímabili.

Ríkisstjórnin lögfesti nýja leið. Hún byggir á því að halda áfram með sjálfstæða krónu en framsetja til Seðlabankans varanlegar heimildir til að beita gjaldeyrishöftum eins og þurfa þykir.

Þetta er grundvallar stefnubreyting. Sem sagt: Króna studd með höftum og háum vöxtum miðað við samkeppnislöndin.

Viðreisn lagði fram tillögu um mála miðlun. Hún gerir ráð fyrir krónu, en jafnframt verði leitað eftir formlegu stöðugleikasamstarfi við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins.

Með þessari leið yrðu nýju haftaheimildir Seðlabankans óþarfar og vextir lægri.

Munurinn á leiðunum tveimur snýst fyrst og fremst um frelsi í viðskiptum og vexti.

En hvernig finna launamenn og fyrirtæki fyrir mismunandi áhrifum þeirra?

Fyrir fyrirtæki og launafólk

Enginn veit nákvæmlega hvernig nýjum haftaheimildum verður beitt á næstu árum.

Seðlabankastjóri hefur lengi talað fyrir þeirri viðurkenndu hagfræðikenningu að sjálfstæð króna sé ómöguleiki án hafta. Í því ljósi og með hliðsjón af reynslu er ljóst að höftin verða ríkur þáttur í stöðugleikapólitíkinni.

Þekkt er að gjaldeyrishöft virka eins og hemill á viðskipti milli landa og þar með á hagvöxt. Heimildin ein og sér getur jafnvel haft slík áhrif.

Þetta þýðir að afl atvinnulífsins til að auka verðmætasköpun verður veikara en vera þyrfti, velji kjósendur að fylgja stöðugleikaleið ríkisstjórnarinnar.

Sérstaklega getur þessi leið orðið þröskuldur fyrir nýsköpun í þekkingariðnaði í framtíðinni. En viðreisn þjóðarbúskaparins mun að miklu leyti byggjast á henni.

Til þess að varðveita kaupmátt launafólks þarf hagvöxtur á næstu árum að verða verulega meiri en fyrir veirukreppuna. Leið ríkisstjórnarinnar er því verri fyrir launafólk, þar á meðal opinbera starfsmenn.

Fyrir sameiginlega sjóðinn

Í vor skildi ríkisstjórnin eftir 50 milljarða króna gat í fjármálaáætlun. Þar segir að á þessu stigi hafi hún ekki hugmynd um hvernig leysa eigi þann vanda eftir tvö ár.

Lausnin á þessu mikla óleysta



Lausnin á þessu mikla óleysta dæmi ræðst að hluta til af því hvora leiðina kjósendur velja til að ná stöðugleika.

dæmi ræðst að hluta til af því hvora leiðina kjósendur velja til að ná stöðugleika.

Stöðugur gjaldmiðill án hafta er líklegri til að skapa meiri hagvöxt og þar af leiðandi skila meiri tekjum í ríkissjóð. Fyrir skattborgarana er sú leið því augljóslega betri en leið ríkisstjórnarinnar.

Alþjóðlegt stöðugleikasamstarf er einnig líklegt til að tryggja ríkissjóði sambærileg lánskjör og samkeppnislöndin njóta

án gengisáhættu. Stefna ríkisstjórnarinnar þýðir aftur á móti meiri fjármagnskostnað og áhættu, sem eykur líkur á niðurskurði eða skattahækkunum.

Fyrir lífeyrisþega

Lífeyrisþegar eiga einnig afar mikið undir því hvor stöðugleikaleiðin verður farin.

Reynslan sýnir að Seðlabankinn mun beita haftaheimildum gegn lífeyrissjóðum ekki síður en atvinnulífi.

Til þess að ná eðlilegri áhættudreifingu fyrir sjóðfélaga þarf að festa miklu stærri hluta þessa sparnaðar erlendis. Eins dregur það úr virkni íslensks atvinnulífs þegar félagslegt fjármagn er orðið þar allsráðandi.

Hættan er sem sagt sú að lífeyrisþegar verði látnir borga kostnað af höftum á móti fyrirtækjum, verði leið ríkisstjórnarinnar farin.

Fyrir landsbyggðina

Stöðugleiki með höftum og háum vöxtum hamlar vexti nýrra atvinnugreina og gerir hvers kyns atvinnuháttabreytingar örðugri.

Landsbyggðin er í sérstaklega viðkvæmri stöðu þegar kemur að vali milli stöðugleikaleiða. Stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi og stóriðju fá væntanlega undanþágur frá höftum. En framtíðin á landsbyggðinni ræðst af nýjabrumi og atvinnuháttabreytingum.

Af sjálfu leiðir að leið ríkisstjórnarinnar er verri fyrir landsbyggðarfólk en hin leiðin, sem byggir á stöðugleika án gjaldeyrishafta og lægri vöxtum.

Fyrir heildina

Að öllu virtu er stöðugleiki með krónu án hafta í alþjóðlegu samstarfi líklegri til að skila meiri farsæld fyrir heildina en gjaldeyrishöft og hærri vextir. ■

Smánarblettur



Gunnar Kvaran
sellóleikari,
prófessor emeritus
við Listaháskóla
Íslands.

Þegar þessar línur eru skrifaðar eru menn að undirbúa að rífa hið fagra legsteinahús Páls Guðmundssonar, listamanns frá Húsafelli. Sú aðför

sem hefur verið viðhöfð gagnvart honum og hans list er með ólíkindum. Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur haft drjúgan tíma til að miðla málum milli deiluaðila en ekkert hefur gerst þótt frumorsök þessa máls megi rekja beint til klaufalegra mistaka þeirra sem sáu um auglýsingaferli deiliskipulags stadarins.

Páll lætur byggja legsteinasafnið í góðri trú eftir að hafa fengið til þess byggingarleyfi. Að það reynist ekki gilt þegar til kemur, er

ekki honum að kenna. Nú reynir Borgarbyggð að firra sig allri ábyrgð og telur að Páll hefði átt að sannreyna lögmæti byggingarleyfis fyrir safnið. Borgarbyggð er ekki stætt á því að veita leyfið og draga það svo til baka í miðju byggingarferli. Að málið skuli hafa ratað inn í dómskerfið á þessum vafasömu forsendum er mér óskiljanlegt. Einn af fremstu lögspekingum þessa lands telur ekki að þessi dómur standist sköðun. Frá mínum sjónarhóli virðist sem



Páll lætur byggja legsteinasafnið í góðri trú eftir að hafa fengið til þess byggingarleyfi.

Sæmundur Ásgeirsson sækjandi málsins og eigandi Gamla Bæjar, hafi sýnt ótrúlega harðneskju og miskunnarleysi í þessu máli.

Það er einungis ein leið til að leysa þetta mál, að legsteinahúsið fái að standa og Borgarbyggð taki fulla ábyrgð á sínum mistökum.

Páll Guðmundsson frá Húsafelli er listrænt höfuðdjásn Borgarbyggðar og einn af fremstu myndlistarmönnum þessa lands. Stýðjum Pál í þessu ólíkindamáli og mótmælum öll. ■

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 18. ágúst.

Í blaðinu gefst fyrirtækjum og einstaklingum kostur á að kaupa kynningu eða hefðbundna auglýsingu.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi
Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5654



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



GOLI VÍTAMÍN



**NÝTT Í BÓNUS
Á BÓNUS VERÐI**

1.998 kr./pk.

Goli Ashwagandha og Eplaedik
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

1.598 kr./pk.

Goli Superfruits
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

PIZZA RONCADIN - NÝTT Í BÓNUS ALVÖRU ÍTALSKAR PIZZUR



400 g

398 kr./pk.



355 g

398 kr./pk.




375 g

398 kr./pk.



360 g

398 kr./pk.



**ANDADU LÉTTAR
ÞÍN BÓNUS VERSLUN
ER KOLEFNISJÖFNUÐ**



**EINFÖLD HEIMAGERÐ
PIZZAVEISLA**



549 kr./stk

Lesieur Pizzaolía
500 ml

398 kr./pk.

Bónus Súrdeigs Pizzadeig
300 g

**NORÐANFISKUR
MEXÍKÓ LANGA**



1.999 kr./kg

Norðanfiskur Mexíkó Langa
verð áður 2.298 kr./kg

**ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA SJÁLFR**



899 kr./kg

Frosinn Heill Lambabógur
verð áður 999 kr./kg



3.999 kr./kg

Frosið Lambafillet
verð áður 4.198 kr./kg



2.598 kr./kg

Frosin Hálfur Lambahryggur
verð áður 2.898 kr pr kg.

Hádegis tilboð

Í boði alla daga frá kl. 11:00–16:00

1

8" Pizza af matseðli
og ½ ltr gos

990

2

12" Pizza af matseðli
og 2x ½ ltr gos

1.590

3

16" Pizza af matseðli
og 2 ltr gos

1.990



SPADINN

Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

spadinn.is

Hugsunarfrelsi, já takk, en rangfærslufrelsi og dónaskapur, nei takk!



Ole Anton
Bieltvedt

alþjóðlegur
kaupsýslumaður og
stjórnmaðlarýnir.

Á dögunum birti ég grein í blaðinu undir fyrirsögninni „Ægivald einstakra ríkja, líka smárikja, í ESB“. Síndi ég þar fram á, að í ESB ríkti hæsta stig lýðræðis, sem hægt er að hugsa sér, í samskiptum manna og þjóða, og benti á þá staðreynd, að ekkert stærra mál, stefnumörkun eða samningur tekur gildi hjá ESB, nema öll þjóðríki sambandsins, öll 27, lítill sem stór, samþykki.

Í krafti þessa, geta litlu ríkin, eins og Malta, Kýpur eða Lúxemborg, stoppað framgang hvaða máls sem er. Til jafns við þau stóru, eins og Þýskaland, Frakkland og Ítalíu. Afstada þeirra fámennu vegur jafn þungt og skoðun þeirra fjölmennu.

Öll sambandsríkin hafa líka bara einn ráðherra, kommissar, í framkvæmdaráðinu. Meiri jöfnuður getur vart verið milli aðildarríkjana.

Ég benti á, að eðli þessarar gífurlegu valddreifingar mætti líkja við það, að allir þingmennirnir okkar, 63, þyrftu að samþykkja nýtt lagafrumvarp til þess að það yrði að lögum. Efeinn væri á móti, stöðvaði það framgang málsins.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir, eru menn hér á ferð, og það menn, sem vilja komast til áhrifa og valda – bjóða sig fram með pompi og prakt, til að verða þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi – , sem fullyrða, að aðild Íslands að ESB „væri fullveldisframsal til yfirþjóðlegs embættismanna-valds og stofnanaveldis í fjarlægum borgum“, að ESB sé „ólýðræðisleg valdasamþjöppun“, að „Í stað lýðræðislegs réttarríkis reidir hið yfirþjóðlega vald sig á ólýðræðislega lögstjórn“, og, að „stærstu ríkin, sem leggja fram mest fjármagn, verða

ráðandi í öllum meginatriðum“, svo dæmi séu tekin.

Fyrr má nú rota en dauðrota í málskrúði og – fyrir mér – froðusnakki.

Ég er hér sérstaklega að vitna í 5. frambjóðandann á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi og nýleg blaðaskrif hans.

Eitt er það, að menn búi ekki yfir fullum og réttum upplýsingum, en fjalli samt um málefni, eins og þar væru sérfræðingar og spekingar á ferð, en annað og verra er það, ef slíkir frambjóðendur leyfa sér að veða að mönnum, sem eru landskunnir og -virtir fyrir þekkingu, mikla yfirsýn, málefnalegan málflutning og hæversku, með niðrandi og dónalegum hætti.

Í Morgunblaðinu 10. júlí skrifar frambjóðandinn óorðvari þetta um heiðursmanninn Þorstein Pálsson: „Ef skilja má þetta svo (sem frambjóðandinn greinilega gerir) að Þorsteinn telji rétt að líkja lágmarkskröfum um þinglega meðferð, hagsmunagæslu og lýðræðislega rót laga við einhvers konar „uppákomu“ (sem Þorsteinn gerir auðvitað ekki), þá ber það vott um stjórnlýndi og valdbóðsstefnu annars vegar og þrælslund hins vegar ...“.

Skyldi einhver annar maður á Íslandi, sem til þekkir, ímynda sér, að Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi alþingismaður, formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, sé haldinn „þrælslund“!?

Á öðrum stað segir þessi sami frambjóðandi þetta: „Skrif Þorsteins bera vott um skeytingarleysi gagnvart fullveldi Íslands ...“. Trúir því einhver, nema þá þessi drýldni frambjóðandi, að Þorsteinn Pálsson sé „skeytingarlaus“ gagnvart fullveldi Íslands?

Hér er, auk nýlegra skrifa frambjóðandans í Morgunblaðið, líka vitnað í skrif hans í Fréttablaðinu 21. júlí sl.

Nú bætir frambjóðandinn rognni gráu ofan á svart í blaðinu 10. ágúst með því að reyna að snúa sig út úr sínum rangfærslum um ESB og þeim

Nú leitum við til þín – bylting í baráttunni við brjóstakrabbamein



Jóhannes V.
Reynisson
f.h. Bláa naglans.

Það var fyrir fjórum árum að gögn um brjóstakrabbamein og ristilkrabbamein voru dregin upp, skoðuð voru annars vegar skimun og hins vegar dánartíðni. Engin skipulögð skimun er við ristilkrabbameini, dánartíðnin er um það bil 55 manns á ári.

Það sem vakti verulega mikla athygli var skipulögð skimun á brjóstum og að dánartíðnin er um það bil 50 konur á ári. Að tæplega 1.000 konur hafa látist frá aldamótum úr brjóstakrabbameini á Íslandi, konur sem voru í skipulögðu eftirliti.

Allt hefur sinn tíma, eru krabbameinsrannsóknir í brjóstum eins og við þekkjum barn síns tíma?

Í Evrópu er skimun vegna brjóstakrabbameins frá 50 ára aldri en ekki á Íslandi, hér hefst hún nú við 45 ára aldur og áður við 40 ára aldur. Öll tölfræði bendir á að hækka þurfi aldurinn á Íslandi

svo að við séum samanburðarhæf við önnur Evrópulönd, til þess að verja konur gegn óþarfa geislun.

Nú stöndum við á tímamótum. Það eru nýir tímar, ný hugsun, tækni og tækifæri. Úr stöðnuðu umhverfi krabbameinsrannsókna í brjóstum. Frá áhugafélagi um krabbamein til hátæknirannsókna.

Í hátækni-gæðakrabbameinsrannsóknum þarf að byrja á byrjuninni, snemmgreiningu: blóði, þvagi, saur og erfðarannsóknunum. Í greiningabúri hátæknisjúkrahúss við brjóstakrabbameini eru mörg hátæknirannsóknartæki, ekki bara Mammogram (röntgen) heldur líka CT, MRI, PET, og fleira.

En það var vegna takmarkaðrar getu röntgengeisla að Blái naglinn fór að leita að tækni þar sem röntgengeislar ná ekki til hluta af brjóstinu.

Í mjög þéttum brjóstum getur verið hulið krabbamein sem kemur ekki fram í röntgenmyndatöku, vegna takmarka á eiginleikum geislunar.

Það var svo í október 2018 að við fundum byltingarkennt ómtæki frá GE Healthcare sem heitir Invenia ABUS 2.0 og greinir 30% fleiri mein er röntgenmyndataka greinir.

Það er von okkar í ágústmánuði að geta safnað fyrir fjórum tækjum



Skyldi einhver annar maður á Íslandi, sem til þekkir, ímynda sér, að Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi alþingismaður, formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, sé haldinn „þrælslund“!?

dónaskap sem hann síndi einum virtasta stjórnálmamanni landsins, með einhverri hugvekkju um frelsi, „Hugsunarfrelsi, já takk“ – sem flestir geta reyndar verið sammála um – en hefur ekkert með umræðuna um ESB að gera.

Helztu „rök“ frambjóðandans gegn málflutningi þjóðskáldsins Hannesar Péturssonar, og undirritaðs, í blaðinu 4. ágúst, virðast vera þau, að við séum „tveir menn á níðræðisaldri“.

Flott rök það, en þó er vonandi, að frambjóðandinn byggji sína dóma fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á aðeins haldbetri rökum. Þarna fer auðvitað líka fremur lítið fyrir skilningi og virðingu frambjóðandans fyrir aldri, reynslu og þekkingu manna.

Í mínum huga hefur þessi frambjóðandi gefið sjálfum sér falleinkunn með sínum rangfærslum, dónaskap og sjálfumgleði, og met ég það svo, að baráttusæti Sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi, sem frambjóðandinn telur, að sé 5. sætið, sitt sæti, kunni með þessum ótilhlýðilega framgangi frambjóðandans að færast í 4., ef þá ekki 3. sætið á D-listanum.

En auðvitað eru það kjósendur í Suðvesturkjördæmi, sem hér ráða ferð, og verður fróðlegt að sjá, hvernig svona „framboð“ nýs frambjóðanda leggst í þá. ■



Blái naglinn mun halda sínu striki. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Bláa naglans.

fyrir Landspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri og landsbyggðina.

Hvert tæki kostar 23 milljónir án virðisaukaskatts.

Án ykkar verður engin breyting og engin bylting, en með ykkur getum við lækkað dánartíðnina.

P.S. Úr hinu gamla krabbameinskerfi sem er dáð og liðið undir lok. Nútíma lýðheilsuáætlun sem þarf að innleiða.

Öll krabbameinsfélög á Íslandi voru upplýst um verkefnið og þau félög sem hafa @krabb.is í endingu á netfangi svöruðu ekki tölvupósti eða höfðu ekki áhuga á verkefningu, sem er vægt til tekið sorglega áhugavert. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 12. ágúst 2021



Íslandsvinurinn Bam Margera.

Jackass að eilífu

johannamaria@torg.is

Íslandsvinurinn og asnakjálkinn Bam Margera stendur nú í málaferlum við fyrrum félaga sína úr Jackass-genginu til að stöðva útgáfu kvikmyndarinnar Jackass Forever sem á að koma út í október á þessu ári á vegum Paramount.

Margera segst hafa verið rekinn að óseki við gerð kvikmyndarinnar. Hann segir að Johnny Knoxville, Spike Jonze og leikstjórinn Jeffrey Tremaine hafi farið með hann inn á vimefnameðferðarstofnun án hans leyfis. Þá hafi hann verið neyddur til að skrifa undir „velferðarsamning“ sem þvingaði hann í regluleg fikniefnapróf gegn því að fá að halda áfram að vera hluti af Jackass-hópnum.

Rekinn fyrir að taka lyf við athyglisbresti

Í málsókn sinni segir Margera að hann hafi verið rekinn í kjölfar lyfjaprófs sem sýndi að hann væri undir áhrifum Adderall. Þá var vitað að Margera hefði fengið Adderall ávísuðu frá lækni vegna athyglisbrests sem hefur hann tekið lyf við í mörg ár. Margera var staddur á heilsustofnun þegar hann fékk uppsógnina.

Nú krefst Bam Margera milljóna Bandaríkjadala í skaðabætur en kvikmyndin inniheldur enn framlag hans. Í yfirlýsingu sem Margera gaf út á mánudag segir: „Ég er sármóðgaður, reiður, særður og í molum yfir að ... stúdíóið og framleiðendur hafi stolið sköpunarverki mínu, inntaki og glæfrabroðum við gerð þessarar kvikmyndar, rekið mig án ástæðu og neiti nú að borga mér fyrir vinnu mína. Ég skapaði Jackass áður en nokkur af þessum náungum kom til sögunnar.“ ■



Tónlistarkonan JFDR hefur verið dugleg að gera tónlist síðan hún var unglingur. Hún hefur gefið út tvær sólóplötur, gert tónlist fyrir sjónvarpsþætti og kvikmyndir og unnið með ýmsum tónlistarmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

Góður liðsfélagi
í dagsins önn



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Ekkert atriði að vera fræg

Jófríður Ákadóttir, betur þekkt sem JFDR, hefur skapað tónlist síðan hún var mjög ung og getið sér gott orð í tónlistargeiranum, en er þó fremur lítið þekkt. Hún segist leggja mesta áherslu á að tónlistin standi fyrir sínu og ekki sækjast eftir frægð. **2**



Jónfríður flutti til Íslands með manninum sínum í desember. Þau eru ánægð í Vesturbænum og ætla að vera þar áfram. Sem stendur er Jónfríður að vinna í sóló-plötu númer þrjú, stuttmynd og tveimur verkefnum sem hún vill ekki segja frá ennþá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddufreyr@frettabladid.is

Jónfríður Ákadóttir, sem notar listamanns nafnið JFDR, er afkastamikil og hæfileikarík söngkona og lagahöfundur sem hefur spilað með hljómsveitunum Pascal Pinon, Samaris og Gangly, gefið út tvær sólóplötur, unnið með fjölda virtra tónlistarmanna og gert tónlist fyrir sjónvarpsþætti og kvikmyndir, en er samt frekar lítið þekkt nafn hér á landi. Hún er nú flutt til Íslands eftir margra ára rötleysi og tónleikaferðalög um heiminn og er að vinna að þriðju sólóplötunni sinni og stuttmynd, ásamt fleiri verkefnum.

Þegar Jónfríður er spurð hvers vegna hún er ekki þekktari segist hún ekki mjög dugleg að koma sér á framfæri.

„Ég legg mesta áherslu á að tónlistin standi fyrir sínu og ég geti staðið með henni. Allt hitt er eitthvað sem ég leyfi bara að gerast náttúrulega. Ég leyfi mér bara að gera mitt frekar en að vera að remba við að koma því á framfæri,“ segir Jónfríður, sem er líklega þekktari utan Íslands en innan þess. „Fólk sem vinnur í þessum bransa veit af mér og það eru rosalega góð tengsl milli tónlistarfólks á Íslandi sem er að gera svipaða hluti, en það er ekki atríði fyrir mig að vera fræg á Íslandi eða annars staðar. Frægð er mjög hlutlæg og mér finnst ég bara ótrúlega heppin og er mjög ánægð með það sem ég hef gert og hvar ég er.“

Hætt að fela merkinguna

Jónfríður hóf tónlistarferilinn í sveitinni Pascal Pinon þegar hún var fjórtán ára og segir að það hafi verið mjög gott að taka fyrstu skrefin í tónlist svona snemma, þegar ekkert var í húfi og hún gat leyft sér meira. Hún segir að það hafi verið mjög lærdómsríkt, en svo safnaði hún frekari reynslu í Samaris áður en hún hóf að gera sitt eigið efni. Hún hefur nú gefið út tvær sólóplötur, Brazil, sem kom árið 2017, og New Dreams, sem kom út á síðasta ári.

„New Dreams er eiginlega bara samansafn af því sem ég var að semja 2016-2018 og var eiginlega tilbúin 2018, en svo kom alltaf eitthvað upp á sem varð til þess að það þurfti að fresta útgáfunni,“ segir hún. „Nafnið er tilraun til að setja saman hvað hún fjallar um, fantasiur, en um leið að vera

fastur í ímynduðum draumaheimi sem er erfitt að komast út úr. Það er minna fjallað um rómantik en áður, en eftir því sem ég verð eldri færi ég mig meira frá því, það er svo margt sem mig langar að tala um. Löggin eru líka stundum vangaveltur um hvað lífið getur verið flókið og hvernig það getur verið þægilegra að lifa tímabundið í einhverjum draumaheimi frekar en raunveruleikanum.“

Textarnir á plötunni eru mjög opnir og einlægir og Jónfríður segir að það sé vegna þess að hún nenni ekki lengur að fela það sem hana langi að segja.

„Ólöf Arnalds sagði að þegar maður er að semja texta þurfi maður bara að opna lófann. Þú þarft að byrja á að opna fyrir það sem á að yrkja um,“ segir hún. „Ég var orðin leið á að setja allt í stíl, ljóðrænt samhengi og myndlíkingar. Þetta er bara það sem mér finnst og langar að segja.“

Jónfríður er nú að vinna í þriðju plötunni og er að gera hana að mestu leyti ein.

„Það er viljandi því mér finnst það rosasterkt að gera þetta ein,“ segir hún. „Það er ógeðslega erfitt en ég er að sjá hvort ég geti það. Ég veit ekki hvort það hefst, en ég vil klára hana fyrir lok ársins.“

Sögumaður í Ástralíu

Jónfríður gerði líka nýverið tónlistina fyrir kvikmyndina Þorpið í bakgarðinum og þættina Systrabönd.

„Mínar helstu tekjur hafa verið í gegnum tónleika og það er rosa ljýandi. Í Covid fékk ég loksins tækifæri til að vera kyrr á sama staðnum og það var bara heppni að fá þessi verkefni,“ segir hún. „Ég fór til Ástralíu um miðjan mars í fyrria og var þar næstum allt árið, en maðurinn minn, Josh Wilkinson, er þaðan. Það var sérkennilegur en nærandi tími. Við vorum í smá sveit í nokkra mánuði þar sem ég var í hálfgerðri vinnuafslöppun.“

Það er allt öðruvísi að gera svona tónlist. Þú ert alltaf að túlka eitthvað sem er að gerast og setja þig í spor annarra og hugsa bæði hvernig er hægt að vera ósýnilegur sögumaður og ýta undir söguþráðinn án þess að fólk taki eftir því,“ segir Jónfríður. „Það er bæði spennandi og erfitt.“



Fékk 200 dollara fyrir Bones

Jónfríður hefur unnið með ýmsum tónlistarmönnum á ferli sínum.

„Ég held að það sé vegna þess að ég er bæði söngkona, lagasmiður og textasmiður. Það er eftirsótt að vinna með fólki sem getur gert þetta allt. Ég fæ reglulega fyrirspurnir um að vinna með einhverjum og fékk til dæmis rosalega margar eftir að ég gerði lagið Back to the Sky með Ólafi Arnalds,“ segir hún. „En þá þarf ég að tengja við lagið. Ég tengdi til dæmis rosalega hratt við lagið hans Óla, laglinan kom strax og þá langaði mig að sjálfsgöðu að vera með. En ég geri engum greiða með því að vinna með einhverjum að lagi sem ég tengi ekki við.“

Jónfríður vann meðal annars með hljómsveitinni Low Roar að laginu Bones, sem var notað í tölvuleiknum Death Stranding og vakti mikla athygli, en leikurinn hefur selst í yfir fimm milljónum eintaka.

„Ég þekki Ryan Karazija, sem er á bak við Low Roar, og Mike Lindsay, sem var að framleiða plötuna. Ryan bjó á Íslandi í mörg ár og við þekktumst gegnum senuna. Hann var að vinna með Mike í London á sama tíma og ég var þar og þeir báðu mig að koma,“ segir hún. „Þeir voru búinir að semja allt og sögðu mér hvað ég átti að syngja. Þetta tók hálf tíma og ég fékk 200 dollara fyrir, en ég bjóst ekkert við því að fá borgað heldur gerði ég þetta bara sem greiða. Svo

Jónfríður gaf út aðra sólóplötu sína, New Dreams, á síðasta ári.

”Ég var orðin leið á að setja allt í stíl, ljóðrænt samhengi og myndlíkingar. Þetta er bara það sem mér finnst og langar að segja.“

Jónfríður Ákadóttir

verður þetta eitthvað rosa lag og ég er alltaf að heyra um það. Það er ótrúlegt hvernig sumir hlutir gerast, en ég fylgdi bara innsæinu.“

Jónfríður segir að líklega hafi þetta samstarf opnað nýjar dyr, því henni finnst fólk oft nefna þetta lag og að það hafi tekið eftir röddinni hennar í leiknum.

„En ég hef ekki spilað leikinn sjálf og vissi ekkert af þessu fyrir fram. Það hafa líka margir velt því fyrir sér hvað ég fékk mikið borgað fyrir þetta,“ segir hún. „En ég nenni ekki að vera að rifast, maður verður bara að taka ábyrgð á sinni ákvörðun. Ég var til í að syngja þetta og leyfði honum að eiga lagið.“

Jónfríður segir að eftir á að hyggja hefði hún kannski átt að semja betur.

„En samt ekki, ég samdi ekki lagið og það er allt annað að syngja bara en að semja og í þessu tilviki fannst mér þetta alveg sleppa,“ segir hún.

Kraftaverkalag með Damien Rice

Í vor kom líka út lagið Song for Bertha, sem Jónfríður gerði með Damien Rice og Sandrayati Fay.

„Þetta samstarf varð til eitt kvöld þegar við vorum að borða saman eftir jóga tíma. Damien vildi gera lag í tilefni af 50 ára afmæli Berthu Cáceres, hondúrskrar baráttukonu fyrir umhverfismálum sem var myrt vegna starfs síns árið 2016,“ segir Jónfríður. „Þetta var ótrúlega skemmtilegt ferli þar sem við vorum alveg ofan í hvort öðru að vinna lagið og eyddum miklum tíma saman, sem var rosa skemmtilegt og mikil upplifun. Þetta fór hratt frá því að vera ekki til, í að fara á netið, sem er óvenjulegt fyrir Damien og hálf gert kraftaverk, því hann tekur venjulega mörg ár í að vinna tónlistina sína.“

Vinnur að stuttmynd

Þegar Jónfríður er ekki að gera tónlist finnst henni gaman að stunda jóga, lesa bækur og hekla.

„Ég er líka búin að vera rosa mikið að rannsaka. Ég gerði stuttmynd með Áslaugu Rúnu Magnúsdóttur, sem var með mér í Samaris,“ segir hún. „Þetta er sýrrealísk stuttmynd um íslenska þjóðhætti og athafnir og hugmyndin er að setja þessar athafnir í nýtt samhengi og sjá hvort það kalli fram tilfinningaleg viðbrögð. Það er eina stóra verkefnið fyrir utan tónlistina og við fengum styrki til að gera myndina og tónlistina við hana. Hún er ekki komin með nafn, en ég vil kalla hana Uppgjör á Jónsmessunótt.“

Jónfríður býr í Vesturbæ Reykjavíkur með manninum sínum.

„Við fluttum heim í desember í fyrria og ætlum bara að vera hér áfram, við erum rosa ánægð hér. Ég hef lengi verið rötlaus og við ákváðum að þá á Ísland er geggjað,“ segir hún. „Það er gott að vera hér og vinna hér, hér er góð orka og rosa skapandi og gott fólk sem maður hefur tengsl við, sem skiptir miklu máli. Það sem er fram undan á næstunni er svo bara að vinna í sólóplötunni og tveimur öðrum verkefnum sem ég vil ekki segja frá alveg strax, ásamt því að klippa stuttmyndina.“ ■

Verðhrunið er hafið! 60-80% afsláttur af öllum fatnaði og skóm á útsölu



www.hjahrafnhildi.is

- Sendum um allt land
- Frí heimsending yfir 15.000 kr.
- Heimakstur samdægurs á höfuðborgarsvæðinu

hjá
Hjahrafnhildi



Lovechild 1979 sýndi vor og sumarlinu 2022 utandyra á góðvísirdegi í Kaupmannahöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Sjálfbær skandinavísk tíska

Tískuvikan í Kaupmannahöfn stendur yfir þessa dagana og þar hefur verið mikið um dýrðir. Fjölbreyttir skandinavískir hönnuðir sýna þar vor- og sumarlinu ársins 2022.

sandragudrun@frettabladid.is

Þar sem ferðalög hafa verið takmörkunum háð undanfarið af ástæðum sem flest þekkja, hafa helstu tiskuvíðburðir þurft að fara fram með mjög breyttu sniði síðasta eina og hálfra árið. Það er því ánægjulegt að sjá að tiskuvikan í Kaupmannahöfn hefur verið nokkuð hefðbundin miðað við aðstæður.

Á tiskuvíkunni má sjá fót frá bæði þekktum nöfnum og nýjum upprennandi hönnuðum sem sýna nýjustu hönnun sína. Það sem aðgreinir tiskuvíkuna í Kaupmannahöfn sérstaklega frá öðrum tiskuvíkum, er að mikil áhersla er lögð á sjálfbærni og hvatt er til

þess að tiskuvíðaðurinn taki skref í átt að sjálfbærni. Mikil umræða hefur verið um slæm umhverfisáhrif tiskuvíðnaðarins, en sagt hefur verið að hann sé næst mest mengandi iðnaður heims á eftir olíu. Það liggur því í augum uppi að tiskuvíðnaður og fataframleiðendur standa frammi fyrir miklum áskorunum til að framleiðslan verði í sátt við náttúruna.

Innblásin af hestum

Gestuz sýndi vor og sumarlinu sína fyrir árið 2022 á hefðbundinn hátt með áhorfendum í fyrsta sinn í langan tíma, en þó þannig að fremsta röðin var auð. Sanne Sehested, listrænni stjórnandi sýningarinnar, sagði í samtali við Harpers Bazaar að sýningin væri innblásin af þeirri frelsistilfinningu sem hún upplifir þegar hún er úti í náttúrunni innan um hesta. Reiðfatnaður hafði því áhrif á mörg snið og myndstur á sýningunni. Línan var að miklu leyti úr sjálfbærum efnum, eins og

endurunnu pólýester og lífrænni bómull.

Soeren Le Schmidt er dansk tiskumerki sem er sérstaklega þekkt fyrir fót sem danskar stórstjörnur og fleiri hafa skartað á rauða dreglinum. Hann var með sýningu á vor- og sumarlinu sinni á þriðjudag. Í nýjustu línunni lagði hann mikla áherslu á blöndun menningarheima og kynvitundar. Soeren Le Schmidt leggur alltaf mikla áherslu á sjálfbærni og notar mikið afgangsefni í hönnun sína og skapar líka eitthvað nýtt úr eldri hönnun. Hann framleiðir fót eftir þöntun til að minna verði um soun á efnun.

Stine Goya er danskur hönnuður sem stofnaði merki undir eigin nafni árið 2006. Stine segist vilja valdefla konur sem nota fötin frá henni. Hún notar mikið við skæra liti og myndstur og segir tilfinninguna sem fylgir því að nota fót sem skera sig úr vera styrkjandi. Hún leggur áherslu á sjálfbærni og að vera gegnsæi í þeirri stefnu sinni. ■




Soeren Le Schmidt lagði áherslu á blöndun menningarheima og kynvitundar á sýningu sinni.



Stine Goya vill að konur upplifi valdeflingu þegar þær nota fötin frá henni. Þessi eru úr nýju línunni.



Stine Goya notar mjög oft skæra liti og áberandi myndstur, sem draga að sér athygli, þegar hún hannar fót.



Vor og sumarlinu Gestuz 2022 er innblásin af hestum og náttúru.



YEST/YESTA Peysa
Fæst líka í Army grænu og turkis
Stærð 38-56
Verð kr. 8.980



ZHENZI Peysa
Fæst í fleiri litum
Stærð 42-56
Verð kr. 5.990




ES&SY Una Blússa
Fæst í fleiri litum
Stærð 36-46
Verð kr. 5.980



YEST/YESTA Buxur
Stærð 38-60
Verð kr. 9.980



ZHENZI Jakki
Stærð 42-56
Verð kr. 7.990



ZE-ZE Kjóll
Fæst líka í bláu
Stærð 38-48
Verð kr. 10.990



ZHENZI Kjóll
Fæst líka í vínrauðu og dökkbláu
Stærð 42-56
Verð kr. 9.990




ZHENZI Tunica
Stærð 42-56
Verð kr. 7.990



ZE-ZE Tunica
Fæst líka í svörtu og bláu
Stærð 38-48
Verð kr. 9.990



ZE-ZE peysujakki
Stærð 38-48
Verð kr. 7.990



YESTA Alissa Tunica
Fæst líka í svörtu og hvítu
Stærð 46-60
Verð kr. 7.980




SANDGAARD hlýrabolur
Fæst í fleiri litum
Stærð 36-54
Verð kr. 3.980



SANDGAARD stuttermabolur
Fæst í fleiri litum
Stærð 36-54
Verð kr. 3.980



SANDGAARD aðhalds hlýrabolur
Fæst líka í svörtu
Stærð 38-56
Verð kr. 4.980



SANDGAARD síður hlýrabolur
Fæst líka í svörtu
Stærð 36-54
Verð kr. 4.980

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Lopinn teygður inn í haustið

Sumarið hefur aldeilis leikið við okkur Íslendinga síðustu mánuði og vikur. En ágúst er víst mættur á svæðið og rútínan er handan við hornið.

johannamaria@frettabladid.is

Með haustinu koma kaldari vindar og nýjar flensur og þá er um að gera að klæða sig vel. Flíkurnar síkka og litirnir dekkjast frá sumri og því ber að fagna hér á Íslandi að peysur í öllum stærðum og gerðum voru áberandi á tiskupöllum í vetur þegar hausttískan

var kynnt. Ullin var þá áberandi á tiskupöllum líkt og vanalega á haustin, enda einstaklega hlýtt og skemmtilegt hráefni sem hentar vel í yfirhöfn á hlýrri svæðum eða í flík undir jakka á kaldari stöðum. Þá var hið svokallaða „eftirskíða-útlit“ eða „après ski“ sérlega áberandi.


Mynstrin öll
Sérstaklega bar á mynstruðum ullarpeysum fyrir öll kyn. Mynstrin koma í öllum litum og gerðum, sum eru geómetrísk og önnur lífræn og flæðandi. Ýmis peysu-

mynstur eru í einföldum litum á meðan aðrar peysur eru í áberandi litum. Nokkur minna ansi hressilega á íslensku lopapeysurnar sem við flest eigum einhvers staðar inni í skáp.

Teygjum lopann
Nú er um að gera að leita í skápunum og fara í gegnum pokana í geymslunni og athuga hvort ekki finnst einhverjar fallegar handprjónaðar ullarpeysur sem komu sem jólagjafir síðustu ár. Ekki er svo verra ef einhverjir skemmtilegir litir eru í prjóninu. ■



Stór ullarpeysa úr smiðju Philosophy. Haust og vetur 2021/22 voru kynnt í Milánó í febrúar.



Giorgio Armani er með puttann á púlsinum með þessari flottu og formfögru ullarpeysu í febrúar.



Hér er ein í guðdómlegum haustlitum með hvítum bakgrunni frá Etri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Íslenska lopapeysumynstrið leysist upp í geómetrísk flæðandi form og yrjóttan neðripart hjá Prada í Milánó í febrúar. Liturinn vekur athygli.



Það er list að blanda mynstrum en það tekst frábærlega með þessum flottu ullarpeysum frá Missoni. Leyndarmálið er að vinna með svipaða litatóna og ólík mynstur.

HEILSURÆKT

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um heilsurækt kemur út föstudaginn 20. ágúst.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

10-50% afsláttur

SUMARÚTSALA

Sýniseintök	Útihúsgögn	Innihúsgögn	Gjafavara
30-50%	20-50%	10-50%	10-50%

Signature
••• húsgögn

Askalind 2a Kópavogi | 565-3399 | www.signature.is | mán - fös 11-18 | lau 11-17

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Daihatsu Sirion 9/2008 EKINN AÐEINS 108 ÞÚS. KM. Þessi litla rúsin er ný skoðuð án athugasemda og er bara fin í akstri. Samt kostar hann bara 390.000,-. Fyrstur kemur fyrstur fær á við hér

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Bátar



TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítir Hljóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Málarar

MÁLNINGARVINNA.

Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málarí s: 832-6017.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Atvinna

Atvinna í boði

JÁRNABINDINGAR / PRAZY ZELAZA

Járngrimur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband S. 863 6208 & olafurjarn@gmail.com Prazy zelaza

Tilkynningar

Tilkynningar



Ábendingahnappinn má finna á:

BARNAHEILL.IS



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur

Vertu vinkar okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjóleðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR EFTIR

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaðþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða
www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

PARFTU ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

ÚTSALAN HEFST Í DAG 20-70% AFSLÁTTUR MÖGNUM TILBOÐ

30%
AFSLÁTTUR



CADENCE PLUSH, QUEEN SIZE
ÚTSÖLUVERÐ

170.940 KR.

VERÐ ÁÐUR 242.700 KR.

VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN
LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPÍR.

20%
AFSLÁTTUR



GLACIER BAY FIRM, QUEEN SIZE
ÚTSÖLUVERÐ

201.760 KR.

VERÐ ÁÐUR 250.700 KR.

VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN
LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPÍR.

70%
AFSLÁTTUR



POPPY DÝNA
ÚTSÖLUVERÐ

20.274 KR.

VERÐ ÁÐUR 67.580 KR.

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP

Merkisatburðir

1755 Jarðbor er notaður í fyrsta sinn á Íslandi er Eggert Ólafsson náttúrufræðingur og Bjarni Pálsson landlæknir rannsaka jarðhita í Laugardal við Reykjavík.

1849 Þennan dag afsannast sú Krukksspá að **Dómkirkjan** í Reykjavík sökkvi þegar biskup og níu prestar standa þar samtímis skryddir fyrir altari.

1877 Henry Morton Stanley kemur að ósum Kongófljóts við Boma eftir að hafa ferðast frá upptökum fljótsins við Stóru vötnin í Austur-Afríku.

1908 Ford Motor Company setur bifreiðina **Ford T** á markað.

1942 Bardagi hefst um borgina Stalíngrad.

1942 Kvikmyndin Iceland er frumsýnd í Bandaríkjunum.

1957 Stöðumælar eru teknir í notkun í Reykjavík. Gjald í þá er ein króna fyrir fimmtán mínútur og tvær krónur fyrir hálf tíma.

1979 Krossinn, kristið samfélag, er stofnað á Íslandi.

1981 IBM Personal Computer kemur á markað.

1993 Fyrsti íslenski togarinn heldur til veiða í Smugunni í Barentshafi.



Einar Skúlason er frumkvöðull gönguhópsins Vesens og vergangs sem varð til fyrir tíu árum, hefur nú yfir 15.000 félaga og skipuleggur 250-300 viðburði á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Göngur fyrir alls konar getustig

Vesen og vergangur er göngufélag. Það fagnar tíu ára afmæli með fjögurra daga gönguhátíð í Reykjavík og nágrenni, sem hefst í dag. Forsprakkinn er Einar Skúlason.

gun@frettabladid.is

„Ég tel ágætt að vera með viðburð þar sem fólk dreifist á marga staði, auðvelt er að halda fjarlægð og ekkert áfengi er haft um hönd,“ segir Einar Skúlason, um Gönguhátíðina í Reykjavík. „Fólk kemur sér sjálf á upphafsstaðinn og getur mætt með grímu ef því líður betur – en það er ekki skylda,“ lýsir hann og heldur áfram: „Ég held að meiri smíðaða sé í stórmörkuðum en í gönguferð.“

Margir í samstarfi

Einar stofnaði samfélagið Vesen og vergang fyrir tíu árum og heldur upp á það í dag – og næstu þrjá daga – með fyrrnefndri hátíð. Hún snýst um göngur fyrir alls konar getustig, um og í grennd við höfuðborgina, í samvinnu við Sumarborgina, ÍTR, SÍBS, Orku náttúrunnar, Hlaupar, Reykjavík Outventure og Suðurnesjabæ. Vanir leiðsögumenn eru í öllum göngunum og þátttaka er ókeypis en hendi ekki slegið móti frjálsum framlögum til afmælisbarnsins.

Fjórar misléttar göngur eru í boði í dag og líka á morgun, föstudag. Á laugardag eru sjö göngur á dagskránni og fimm á sunnudag.

Var ekki mikið verk að skipuleggja dagskrána?

„Jú, ég byrjaði nú í maí að leggja hana niður fyrir mér, án þess að kynna hana mikið, beið átekt fram yfir verslunarmannahelgi,“ svarar Einar. Hvar skyldi hann sjálfur ætla að vera á hátíðinni? „Ég er til taks ef einhver fararstjóri forfallast en er búinn að ráða í þau embætti. Reyndar leiði ég líklega eina göngu á sunnudaginn – úr Kópavoginum til Reykjavíkur. Ætlaði að fá Stefán Pálsson



Söngugangan verður frá Sandgerðisvíta að Garðskagavíta sem hér er á mynd. Hún er í boði Suðurnesjabæjar, leiðsögumaður er Hörður Gíslason.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Léttganga verður í boði SÍBS á föstudagskvöld undir leiðsögn Guðnýjar Ragnarsdóttur. Brottför er frá Breiðholtslaug sem skreytt er listaverki eftir Erró.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sagnfræðing í hana en hann gaf ekki kost á því. Fram er örugglega að keppa á sama tíma – hann missir ekki af leik!“

Þrjár sögugöngur um borgina

Á hátíðinni er ein söguganga á dag. Stefán verður með þrjár þeirra og þær enda allar í miðborginni, að sögn Einars. „Sú fyrsta verður frá Gróttu með

fram sjávarsíðunni, þar verður fræðst um búsetu og útræði.

Næsta er um Laugardalinn og Laugarnesið og á laugardaginn verður gengin forn leið frá Árbæ um Suðurlandsbraut – hún heitir ekki Suðurlandsbraut út af engu!“

Dagskrá Gönguhátíðarinnar í Reykjavík er á fésbókarsíðu hátíðarinnar. ■



Hjartans þakki til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Ingibjargar Sigurðardóttir

Hátúni 4, áður prófastsfrú á Kvinnabrekku í Dölum.

Sigríður Eggertsdóttir
Vilborg Eggertsdóttir
Margrét Eggertsdóttir
Hildur Eggertsdóttir
Ingibjörg Eggertsdóttir
Hlödver Eggertsson
Hulda Eggertsdóttir
Eggert Hörgdal Snorrason

Sigurður R. Guðjónsson
Stefán Skjaldarson
Brynja Davíðsdóttir
Ketill Gíslason
Sesilia Myrna Alota
barnabörn, barnabarnabörn,
barnabarnabarnabörn.



Okkar ástkæri

Steingrímur Hálfðanarson

loftskýtamaður

varð bráðkvaddur á heimili sínu 6. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

Maria Hlín Steingrímsdóttir
Hanna Steinunn Steingrímsdóttir
Jóhanna Þ. Ingimarsdóttir

Eyjólfur D. Jóhannsson
Sindri Máni, Hilmir Snær og Ísak Eli



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Katrín Sigurðardóttir

Hagamel 50, Reykjavík,

lést þann 30. júlí.

Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík mánudaginn

16. ágúst kl. 15.00. Blóm eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast Katrínar er bent á Barnaspítalaskóð Hringins.

Helgi Magnússon
Sigurður Gylfi Magnússon
Magnús Örn Helgason
Sunna María Helgadóttir
Arnar Þór Helgason
Pétur Bjarni Einarsson

Arna Borg Einarsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Hildur Kristinsdóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 1. ágúst.

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Guðríður Gunnarsdóttir
Gunnar Már Gíslason
Björn G. Ólafsson
Guðrún Helgadóttir
og langömmubörn.



Ástkær faðir okkar, afi, bróðir, mágur og frændi,

Skúli Helgi Skúlason

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut 7. ágúst.

Útförin verður auglýst síðar.

Ragnar, Karlotta og Aðalsteinn Skúlaborn, afabörn, systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og leyfðu okkur að hjálpa þér að ná til fjöldans.




Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44% 49% 68%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
18-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*


íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
35-65 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
55-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Veðurspá Fimmtudagur



Austlæg eða breytileg átt, víða 3-8 m/s, en dálítið hvassara syðst. Víða léttskýjað, en skýjað að mestu en þurrt suðvestanlands. Sums staðar lágskýjað við sjávarsíðuna. Hiti 13 til 20 stig yfir daginn, hlýjast NA-til. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á LEIK



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 hnetur
- 5 merki
- 6 í röð
- 8 hugfallast
- 10 óðagot
- 11 draup
- 12 framkvæmt
- 13 þráður
- 15 lítilmenni
- 17 fugl

LÓÐRÉTT

- 1 aflögu
- 2 valdi
- 3 geðleið
- 4 ýtarlega
- 7 ófrægja
- 9 spauga
- 12 litur
- 14 umdæmi
- 16 utan

LÁRÉTT: 1 akóm, 5 far, 6 áb, 8 guggna, 10 as, 11 lak, 12 gert, 13 garm, 15 smásál, 17 trana. LÓÐRÉTT: 1 afgang, 2 kaus, 3 örg, 4 nána, 7 bakala, 9 glensa, 12 grár, 14 amt, 16 án.

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

Símon Þórhallsson (2199) átti leik gegn Stefáni Bergssyni (2158) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.

25. gxf5! Dxxg1 26. Bc4. Þótt ótrúlegt sé féll svarta drottningin og Símon innbyrti vinninginn. Símon var efstur með fullt hús eftir 5 umferðir. Birkir Ísak Jóhannsson og Pétur Pálmi Harðarson voru í 2.-3. sæti með 4 vinninga. Sjötta umferð fór fram í gærkveldi.

www.skak.is: Áskorendaflokkurinn. ■

Sudoku

7		6		2				
					1		9	5
	5			3			1	
6			3	9			8	
3	4		2				6	
		2	4	6				1
9	3	5	7					
						4	3	
1	2				7			

			3					1
3	9			4	7			6
7		1		8	6	3		
	3						8	
	6	7						3
								4
								2
	8	3		1				2
		4					5	6
7			9	3				4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**FRÉTTA
VAKTIN**

Fréttumfjöllun fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

Erró í fimm sölum

Ferðagarpurinn Erró er sýning í Listasafninu á Akureyri og er samstarfsverkefni safnsins og Listasafns Reykjavíkur.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin er í fimm sölum Listasafnsins á Akureyri og gefur mynd af hinum víðförla Erró. „Danielle Kvaran, sýningarstjóri og sérfræðingur í Erró, kom með þá tillögu að gaman væri að sýna þær myndir sem tengjast ferðalögum hans og þær eru fjölmargar,“ segir Hlynur Hallsson safnstjóri.

Verkin, sem eru öll í eigu Listasafns Reykjavíkur, eru frá ýmsum tímabilum, elsta verkið er frá árinu 1963 og það yngsta frá 2010. Á myndunum má sjá flugvélar, bíla, lestir, hesta og geimskip, og einnig fljúgandi ofurhetjur sem fara víða. Sýningunni er skipt eftir sölum.

„Þetta er í þriðja skiptið sem við setjum upp Erró-sýningu í safninu og þetta er stærsta sýningin. Í fyrsta salnum ægir saman alls kyns myndum en síðan tekur við ákveðin skipting. Á einum stað eru geimfaramyndir, Maó-myndir á öðrum, myndir af norðurafrískum konum á enn öðrum stað og tímalína og ljósmyndir á þeim fjórða,“ segir Hlynur.

Himinlifandi nemendur

Hann segir sérstaka áherslu lagða á að kynna list Errós fyrir unglíngum. „Erró á erindi við nýja kynslóð. Við höfum tekið eftir því að hann höfðar mjög til hóps sem erfitt er að fá í safnið, sem er unglíngar. Börn elska að koma hingað en það er erfiðara að fá ungmennin í listasafn. Efri bekkir grunnskóla og nemendur í framhaldsskólum komu hingað í maí og voru himinlifandi og nú er verið að bóka heimsóknir fyrir ágúst og september.“

Hlynur segir gaman að fylgjast með viðbrögðum nemenda. „Þeir eru mjög áhugasamir og tengja vel við teiknimyndahetjurnar og geimfarana. Danielle setti upp tímalínu í tengslum við líf Errós sem unga fólkid hefur gaman af að skoða og setja í samhengi við tímann og ferðalögin í lífi Errós. Þau fengu sum smá sjokk þegar þau sáu myndir hans af berbrjósta konum, en það gaf okkur líka tækifæri til að ræða við þau um mismunandi menningarheima og hvað hlutir breytast hratt, það sem þykir sjálfsagt á einum tíma þykir undarlegt á öðrum.“



Erró á erindi við nýjar kynslóðir, segir Hlynur Hallsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Sýningin er í fimm sölum Listasafnsins á Akureyri.

Verk í heimsreisu

Sýningin veitir innsýn í vinnuafærdir Errós, en þar má sjá hlið við hlið frummyndir þar sem úrklippur eru áberandi og síðan lokaverkið, olíumálverk. „Photoshop er daglegt

braud í heimi ungu kynslóðarinnar, en það var ekki til þegar Erró var að gera mörg af þessum verkum. Hann er enn að klippa í höndunum og raða saman. Erró er ennþá að vinna af krafti og fer á vinnustofuna á



Þetta er litrík og fjörug sýning, björt og opin.

hverjum degi. Ferill hans er einstakur og verkin má einnig tengja við ástandið í heiminum á hverjum tíma, stríð og vígbúnaðarkapphlaup en einnig forvitni okkar á tækni og nýjum hlutum,“ bendir Hlynur á og segist afar ánægður með sýninguna. „Þetta er litrík og fjörug sýning, björt og opin.“

Ferðagarpurinn Erró stendur til 12. september. Þess má geta að á næsta ári þegar Erró verður niraður munu mörg verkanna á sýningunni fara í heimsreisu á vegum Listasafns Reykjavíkur í tilefni afmælisins. ■



Laufey Sigrún og Sólborg verða með tónleika í Hörpu.

MYND/ADSEND



Reynir sýnir í Borgarbókasafninu í Árbæ.

MYND/ADSEND

Leiðsögn Reynis

kolbrunb@frettabladid.is

Tæming Árbæjarlóns til frambúðar var kveikjan að sýningu Reynis Vilhjálmssonar sem nú sýnir vatnslitamyndir í Borgarbókasafninu í Árbæ. Reynir mun spjalla við gesti og gangandi í dag, fimmtudag, á milli kl. 17 og 19, en þema sýningarinnar er Elliðaárnar, stíflan og Árbæjarlónið. Sýningunni lýkur 30. ágúst. ■



Tæming Árbæjarlóns til frambúðar var kveikjan að sýningu Reynis.

Flygladúóið Sóley leikur í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Flygladúóið Sóley, skipað píanóleikurum Laufeyju Sigrúnu Haraldsdóttur og Sólborgu Valdimarsdóttur, heldur tónleika fimmtudagskvöldið 12. ágúst kl. 20.00 í Norðurljósal Hörpu.



Á efnisskránni verða fjölbreytt verk fyrir tvo flygla allt frá barokktímanum til samtímans.

Á efnisskránni verða fjölbreytt verk fyrir tvo flygla allt frá barokktímanum til samtímans, en tvö íslensk tónskáld, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Lilja María Ásmundsdóttir, sömdu verk fyrir flygladúóið Sóleyju sérstaklega fyrir þessa tónleika. ■



BAUHAUS®



Rakapólnar gífsplötur
12,5 x 1200 x 2550 mm. Verð á plötu.

3.295.-



fermacell
Fermacell tresjaplata
12,5 x 900 x 1200 mm. Verð á plötu.

1.795.-



Allt byrjar í BAUHAUS

Fáðu nýjar hugmyndir og deildu þínum á:
#alltbyrjaribauhaus



Classic 1 Board Gífsplata
13 x 1200 x 2400 mm. Úr eldfráhrindandi efni. Verð á plötu.

2.495.-

VIÐ EIGUM ALLT FYRIR VERKIÐ ÞITT



PROBAU
Sement, 25 kg
Fyrir algenga steypuvinnu þar sem ekki eru gerðar sérstakar kröfur. Styrkur 42,5.

1.995.-



KNAUF
MR Stálstólpi
45 x 2700 mm.

995.-



KNAUF
Hornhlíf
Fyrir innveggi. Lengd 3 metrar.

995.-



fermacell
Hnífur fyrir tresjagíps
Notast til að skera aðeins í plötur til að það sé mögulegt að brjóta þær svo þær passi saman.

2.445.-

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Tilboðið gildir eingöngu frá fimmtudeginum 12. ágúst til og með sunnudeginum 15. ágúst



Fáðu nýjar hugmyndir og deildu þínum á:

#alltbyrjaribauhaus



Holmegaard hellur svartar

14 x 21 x 5 cm. Verð á m².

295.-



IBF Holmegaard-stein

Grásteyptur, 5,5 cm þykkur með grófu útliti. 14 x 21 cm. Vinðsamlega athugið að það þarf að borga tryggingu fyrir brettið. Verð á m²

265.-



Þú keyrir beint inn í Drive-in Timbursölu



Staurasteypa, 15 kg

Til að steypa t.d. viðarstólpa, járnstólpa og teypustólpa. Tilbúin til notkunar að viðbættu vatni.

995.-



1.995.-

20 kg Dansand fúgu-sandur

Notist í fúgur hjá steypum hellum, granithellum og öðrum náttúrusteini. Fæst í svörtu.



1.995.-

Brotin mól sem hindrar illegresi, 20 kg.

Brotin mól úr muldu graníti. Notast í fúgur á hellum, graníti og öðru náttúrustein. Dökkgrá



1.895.-

PROBAU ProBau tilbúin steypublanda 5 kg

Sérstaklega slitsterk steypublanda. Hentar vel fyrir minni steypu viðgerðir á gólfi, loftum, tröppu, sökklum, veggjum o.þ.h. Hægt að nota innan- og utanhúss.



2.495.-

PROBAU ProBau hrað múrblanda 5 kg.

Sérstaklega hraðharnandi viðgerðar- og festingar múrblanda með miklum styrk. Hentar vel til festinga og smærri viðgerða. Byrjar að harðna eftir u.þ.b. 3 mínútur. Hægt að meðhöndla eftir u.þ.b. 30 mínútur. Hægt að nota innan- og utanhúss.

Fimmtudagur

Hringbraut

- 18.00 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi.
- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál- Ólafur Ragnar Grímsson (e)** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfretta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstilsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
- 11.10 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988**
- 12.15 Útúrdúr** Hver er munurinn á vélritun og píanóleik?
- 13.00 Fólkið í landinu** Blásarasveit Tónlistarskólans á Akureyri.
- 13.30 Með okkar augum**
- 14.00 Út og suður**
- 14.30 Kæra dagbók**
- 15.00 Poppunktur 2010** Mammút - Agent Fresco.
- 15.50 Lamandi ótti - Caroline**
- 16.05 Reimleikar**
- 16.35 Gestir og gjörningar** Hornið.
- 17.20 Húsbyggingar okkar tíma**
- 17.50 Táknálsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Maturinn minn**
- 18.12 Undraverðar vélar**
- 18.26 Nýi skólinn**
- 18.40 Tryllitæki - Alger vöknun**
- 18.47 Miðaldafréttir** Æska Egils Skallagrímssonar.
- 18.49 Nei sko!** Úranús og Neptúnus.
- 18.50 Bækur og staðir** Skarð á Skarðsströnd.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Sumarlandabrot**
- 19.45 Tæknin allt um kring** Tann valdsmikla tæknin
- 20.30 Tareq Taylor og miðausturlensk matarhefð** Tareq Taylors matresa
- 21.00 Svarti baróninn Baron Noir** Klækjabrögð, svik og prettir í franskri pólitik. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Babýlon Berlin** Babylon Berlin
- 23.10 Leyndarlíf Marilyn Monroe - Seinni hluti** The Secret Life of Marilyn Monroe
- 00.35 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 07.15 PGA Tour** Útsending frá Wyndham Championship.
- 11.00 LPGA Tour** Útsending frá Volunteers of America Classic.
- 14.05 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
- 14.30 PGA Tour. The Cut**
- 15.00 LET Tour** Bein útsending frá Trust Golf Women's Scottish Open.
- 19.00 PGA Tour** Bein útsending frá Wyndham Championship.
- 22.00 PGA Special. 3M Open** Compass Challenge

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 90210**
- 15.50 American Housewife**
- 16.15 Black-ish**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Læknirinn í Frakklandi**
- 20.45 Hver ertu?**
- 21.15 9-1-1** Dramatísk þáttaröð um fólkið sem sent er á vettvang þegar hringt er í neyðarlinuna.
- 22.05 Walker**
- 22.50 Love Island**
- 23.40 The Royals**
- 00.25 The Late Late Show**
- 01.10 New Amsterdam**
- 02.00 Law and Order. Special Victims Unit**
- 02.45 Yellowstone**
- 03.30 Penny Dreadful. City of Angels**
- 04.30 Love Island**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.10 Píandógsagnir 7. þáttur.** Vladimír Horowitz
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjög Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjög**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Söngvámál** Á hjólum og teinum.
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Flakk**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Tengivagninn**
- 17.00 Fréttir**
- 18.00 Spelliginn**
- 18.30 Hljómboxið** Þorir þú að keppa?
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Sumartónleikar** Lundsgard kammertónlistarhátiðin á Fjóni.
- 20.30 Þættir úr sögu tvífarans**
- 21.20 Íslendingasögur**
- 21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl** (9 af 31)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
- 23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 10.55 Heiða**
- 12.40 Juliet, Naked**
- 14.15 Monster in Law**
- 15.55 Heiða**
- 17.40 Juliet, Naked**
- 19.20 Monster in Law**
- 21.00 Valerian and the City of a Thousand Planets**
- 23.10 Hot Summer Nights**
- 00.55 I Still See You**
- 02.30 Valerian and the City of a Thousand Planets**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The Good Doctor**
- 10.05 Gilmore Girls**
- 10.50 Blindur bakstur**
- 11.20 Friends**
- 11.45 Nettir kettir**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 God Friended Me**
- 13.35 Modern Family**
- 14.00 Shipwrecked**
- 14.45 The Heart Guy**
- 15.30 Your Home Made Perfect**
- 16.30 Temptation Island**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Hell's Kitchen**
- 19.55 Spartan. Ultimate Team Challenge**
- 20.40 Timber Creek Lodge**
- 21.25 NCIS. New Orleans**
- 22.10 Real Time With Bill Maher**
- 23.10 Pembrokeshire Murders. Catching The Game Show Killer** Í þessari mögnuðu heimildarmynd er sögunni á bak við sakamálaþættina The Pembrokeshire Murders gerð ítarleg skil. Lykilmanneskjurnar í máli raðmorðingjans John Cooper opna sig um atburðina sem urðu til þess að koma honum á bak við lás og slá.
- 00.00 War of the Worlds**
- 00.45 The Righteous Gemstones**
- 01.20 Prodigal Son** Glæpasálfræðingurinn Malcolm Bright er mættur aftur í þessum frábæru glæpaþáttum. Hann er fremstur í sínu fagi en er jafnframt umdeildur fyrir aðferðir sínar. Það bætir ekki úr skák að faðir hans er dæmdur raðmorðingi sem er ráðgjafi hans í ýmsum málum en því reynir hann að halda leyndu þegar hann aðstoðar lögregluna í New York við lausn erfiðra sakamála.
- 02.05 The Mentalist**
- 02.45 The Good Doctor**
- 03.30 Gilmore Girls**

Stöð 2 Sport

- 08.45 Haukar - Valur** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 10.15 Vikingur R. - KA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 11.55 KR - FH**
- 13.35 Stjarnan - Breiðablik**
- 15.15 Fylkir - Haukar** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
- 17.15 Keflavík - KA**
- 19.00 Vikingur R. - KR** Bein útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
- 21.15 Mjólkurbikarmörkin 2021 - 12. ágúst**
- 22.35 Fylkir - Haukar**

Stöð 2 Sport 2

- 08.00 Wolfsburg - Tottenham**
- 09.35 Antwerp - Rangers**
- 11.25 Benfica - Arsenal**
- 13.05 West Ham - Doncaster**
- 14.45 Cheltenham - Manchester City**
- 16.30 Charlton - Sheffield Wednesday**
- 18.10 UEFA Super Cup. Chelsea vs. Villarreal**
- 19.50 Fulham - Middlesbrough**
- 21.30 Bayern München - Salzburg**
- 23.10 Liverpool - Atalanta**



Mjólkurbikarinn

MJÓLKURBIKAR KARLA
16 LIÐA ÚRSLITÍ KVÖLD 19:00
VÍKINGUR v KR

SPORT

Tryggðu þér áskrift á stod2.is

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl

frá 4.995

Viðgerðar-kollur



Viðgerðarbretti

4.895



Jeppatjakkur 2.25T 52cm

19.995



Hjólatjakkur 2T m/tösku

4.795



Vélagálgi 2T

1.999

Álskóflur



Vélastandur 500kg

9.985



AirBrush loftdæla

19.995



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495 Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A



39.995

Verkfæraskápur á hjólum



99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrallyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél

Bensínbrúsar í miklu úrvali



9.999



Kælibox 26L 12v/230v

Verðmæta-skápar

frá 5.995



13.995

Flísa sög 80mm

Vindsængurpumpur

1.995

Tjaldstæðatengi

Hitablásarar

frá 1.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm

Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali

frá 1.995



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



19.995

Metabo KS216 bútsög



Garðverkfæri í miklu úrvali



Lyklabox í miklu úrvali



Hunda-festingar

Verkfærasett

4.995



1.995

Burstasett í borvél



frá 995

Lím-byssur



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

25%

HIKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél 12V
2 stk., 2.5Ah rafhlöður, hersla
38Nm, kemur í HSC tösku. 5247032

24.370 kr
~~32.495~~ kr



25%

NEO

**Verkfæra-
skápur**
7 skúffur,
103 x 68 x 46 cm,
burðageta 280 kg. 5024495

38.995 kr
~~51.995~~ kr



30%

**BLACK+
DECKER**

Sláttuvél
2x18V, sláttu-
breidd 33 cm,
5 hæðastillingar
25-65 mm, 35 ltr.,
safnari, rafhlöður og hleðslutæki seld sér.
5082935

25.897 kr
~~36.995~~ kr



Ný sending
af pallaefni



25%

GROHE

Eldhústæki
Essence New
Etgreb, svart.
7911085

46.990 kr
~~62.995~~ kr



25%

GROHE

Handlaugartæki
Essence New Etgreb,
svart. 7911087

31.790 kr
~~42.415~~ kr



cozze®

Pizzaofn
Með breiðum
opunar- og
bökunarsteini
er ofninn auðveldur
í notkun og gefur
nóg pláss fyrir stórar
pizzur allt að 34 cm.
Þrýstijafnari er ekki
innifalinn.
3002400

49.990 kr

NÝTT

Búðu til þína eigin pizzu á aðeins 2 mínútum



12%

OUTBACK

Gasgrill Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, 3 ryðfrír
brennarar og hliðarbrennari. 3000390

34.990 kr
~~42.495~~ kr



15%

Broil King

Gasgrill GEM 310
Grillflötur: 52 x 33 cm, 3 brennarar,
hliðarborð, afköst 6,9 kW. 3000613

42.495 kr
~~49.995~~ kr



19%

Electrolux

Þvottavél
EW6S427W
1200 sn., 7 kg,
LCD skjár
58-77 dB.
1805436

64.990 kr
~~79.990~~ kr



12%

Electrolux

Purrkari,
EW2C327R1
Tekur 7 kg, orku-
flokkur B, stærð 85x59,6x57 cm, 67dB,
tromla 104 ltr. 1835643

69.990 kr
~~79.990~~ kr



Nilfisk

**20%
afsláttur**

Nilfisk háþrýstidælur



**20%
afsláttur**

LADY innimálning



**20%
afsláttur**

Pallaóla og pallahreinsir



**20%
afsláttur**

Jotun útimálning



Pottaplöntuveisla **20-50%** afsláttur

26%

Orkidea
12 cm pottur.
11325000

1.990 kr
~~2.690~~ kr



26%

Skómakólfur
12 cm pottur.
11328264

1.990 kr
~~2.690~~ kr



33%

Monstera
13 cm pottur.
11328481

1.990 kr
~~2.990~~ kr



50%

Benjamínfikus
11,5 cm pottur.
11328329

990 kr
~~1.990~~ kr



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

HÚSASMÍÐJU DAGAR

Allt klárt fyrir haustið



28%

Hausterikur 3 stk.

Veldu 3 stk. að eigin vali.

1.299 kr.

~~1.797~~ kr.

Hausterikur 1 stk. 599 kr



RISA
VEFBLAÐ

husa.is



Feigðarflan

KVIKMYNDIR

The Suicide Squad

★★★★★

Leikstjórn: James Gunn
Leikarar: Idris Elba, Margot Robbie, John Cena

arnartomas@frettabladid.is

Það var mikið fjaðrafok þegar Disney lét James Gunn taka pokann sinn árið 2018. Þrátt fyrir að Gunn hafi malað gull fyrir Marvel með Guardians of the Galaxy-myndunum, þá þóttu vafasamar Twitter-færslur sem grafnar höfðu verið upp stangast á við fjölskylduvæn gildi músarinnar og hann var látinn fara.

Keppinautarnir í DC, sem voru ekki með tærnar þar sem Marvel var með hælana á þeim tíma, sáu sér þess vegna leik á borði og buðu Gunn að búa til mynd fyrir sig þar sem hann hefði frjálsar hendur til að gera það sem honum sýndist. Verkefnið var framhaldsmynd af Suicide Squad sem hafði komið út árið 2016 og þótti heldur bagaleg, meðal annars vegna meintra inn-gripa frá stúdíóinu sem virtist nú hafa lært sína lexíu.

Tryllt tukthús

Líkt og í forveranum hefst myndin í Belle Reve-fangelsinu þar sem harðsvíraðir ofurskúrkar eru bak við lás og slá. Við og við byðst þeim að stytta vist sína um áratug með því að samþykkja að taka þátt í aðgerðum á vegum ríkisstjórnarinnar, sem eru svo hættulegar að þær jafna við sjálfsmorð.

Í þetta skipti er förinni heitið til suður-amerísku eyjunnar Corto Maltese, þar sem framið hefur verið valdarán og þarf hin svokallaða Sjálfsvígaveit að ráðast á eyjuna og eyðileggja rannsóknarstofu þar sem hið dularfulla Krossfisksverkefni er hýst. Þar sem hópurinn samanstendur af forhertum ribböldum eru hlutirnir þó ekki lengi að fara úr böndunum og við tekur litríkur hasar.

Einföld en vel útfærð

Þrátt fyrir að um framhaldsmynd



Þótt persónurnar í The Suicide Squad séu margar hverjar furðulegar eru þær teknar mätulega alvarlega.



Eitt það skemmtilegasta við stíl Gunn er að þótt ýmsar persónur myndarinnar séu fjaránlegar á blaði, þá er þeim tekið nægilega alvarlega til að áhorfendur geti myndað persónuleg tengsl við þær.



Margot Robbie mætir aftur í hlutverki sínu sem Harley Quinn.

og sýnir bersýnilega að hann er mun betri í hlutverki skúrks en góðmennnis og Stallone fer á kostum í talsetningu sinni á King Shark. Þá er þetta líka vel heppnuð frumraun hinnar efnilegu Daniellu Melchior sem veitir myndinni þann hjartnæma blæ sem bindur hana svo vel saman. Margot Robbie og Joel Kinnaman snúa aftur í hlutverkum sínum en falla aðeins í skuggann af nýliðunum.

Rétt eins og leikaravalið þá er tónlistarval Gunn bæði gott og videigandi og má þar finna bæði klassiska slagara og frumsamda tónlist eftir John Murphy. Eftir stendur einföld en vel útfærð skemmtun, sem er klárlega bíósmellur sumarsins. Þótt myndina megi nálgast á streymisveitum þá er ráðlagt að sjá þessa á hvíta tjaldirum. ■

NIDURSTAÐA: Groddaleg skemmtun sem tekur sig mätulega alvarlega.



Venom er einn af vinsælli myndasöguskúrkunum.

Hardy býr sig undir Venom 3

arnartomas@frettabladid.is

Þótt framhaldið af Venom komi ekki í kvikmyndahús fyrr en í haust er Tom Hardy strax farinn að undirbúa sig fyrir þriðju myndina í röðinni.

Venom: Let There Be Carnage verður frumsýnd í september, en að sögn Hardys eru framleiðendur myndarinnar mjög ánægðir með hana og allt bendir til að sú þriðja verði gefin út.

Venom gerði góða hluti þegar hún kom út árið 2018 og halaði inn

um 850 milljónir Bandaríkjadala á heimsvísu og má því ætla að framhaldið muni líka trekkja að. Persónan Venom var upphaflega einn helsti andstæðingur Köngulóarmannsins, en þeir hafa ekki mæst á hvíta tjaldirum síðan 2007 sökum höfundarréttar, en Venom er ekki hluti af kvikmyndaheimi Marvel.

Hardy er þó vongóður um að það gæti gerst einhvern tímann í framtíðinni. „Ef báðir aðilar eru til þá sé ég ekki hvers vegna það gæti ekki gerst,“ sagði Hardy aðspurður um möguleikann. ■

Stórstirninn flykkjast til Wes Anderson

arnartomas@frettabladid.is

Það er nóg að gera hjá Margot Robbie, sem hefur nú bæst í leikarahóp væntanlegrar myndar sérvittringsins Wes Anderson, en fyrr í mánuðinum var tilkynnt að Tom Hanks myndi í fyrsta skipti vinna með leikstjóranum.

Ekki liggur fyrir um hvað myndin verður, en tökur á henni hefjast á Spáni síðar í þessum mánuði.




Í október verður nýjasta mynd Andersons, **The French Dispatch**, frumsýnd í kvikmyndahúsum. Myndin er sögð vera hálfgerð ástarbréf til blaðamanna.



Tom Hanks er á leið til Spánar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Anderson hefur þá venju að sanka að sér einvalaliði leikara og meðal góðkunningja sem snúa aftur verða Tilda Swinton, Adrien Brody og Bill Murray.

Í október verður nýjasta mynd Andersons, **The French Dispatch**, frumsýnd í kvikmyndahúsum. Myndin er sögð vera hálfgerð ástarbréf til blaðamanna, sem gerist á ritstjórnarútibúi bandaríks dagblaðs í franskri borg á tuttugustu öldinni.



Þar koma saman þrjár sögur sem birtar voru í lokaútgáfu **The French Dispatch** tímaritinu. Myndin byggir á ást Andersons á **The New Yorker** og eru ýmsar persónur og atburðir myndarinnar byggðar á raunverulegu hliðstæðum, tengdum blaðinu.

The French Dispatch var sýnd í fyrsta skipti á Cannes kvikmynda hátíðinni og hefur fengið ágætis dóma frá gagnrýnendum. ■

Skiptibókabónus

Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar færðu 400 krónur í bónus!*


+400
krónur



Skiptibók



Skiptibók



Skiptibók

Penninn Eymundsson
Smáralind, Kringlan, Austurstræti, Hafnarfjörður,
Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Húsavík,
Vestmannaeyjar.
KT: 560109-0670 VSK: 100269

VÖRUSKIL

Lýsing		Upphæð
SKIPTIBÓKABÓNUS		
+400 kr. fyrir hverja bók		
Stærðfræði	1 stk.	2.320
Skiptibókabónus		400
Liffræði	1 stk.	2.400
Skiptibókabónus		400
Samtals kr.		4.720 (+800)
Inneignarnóta -		5.520

Fyrir hverja bók sem þú skilar færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin

„Hver sá, er menntaður vill teljast, verður að varðveita hug sinn sem lengst frjálsan og opinn.“

- Þórarinn Björnsson

penninn.is
540-2000

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

PENNINN

Eymundsson

*Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrenslu. 400 kr. bónus gildir til og með 15. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

EXTRA



2799 kr.pk.

KIRKLAND ROLL KITCHEN
TOWEL PAKKNING
12 STK

2579 kr.pk.

KIRKLAND TRIPLE SATIN WC
PAPER 4X10

1549 kr.pk.

KIRKLAND SPARKLING WATER
40X500 ML

okkar uppáhalds úr

COSTCO
WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI
24/7

WWW.EXTRA.IS

Leiðir kvöldgöngu um slóðir Ástu Sigurðardóttur

Í september verður verk um listakonuna Ástu Sigurðardóttur sem heitir einfaldlega Ásta, frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Verkið skrifaði Ólafur Egill Egilsson og leikstýrir því einnig. Í kvöld gengur Ólafur um miðbæinn ásamt áhugasömum og segir sögu Ástu.

steingerdur@frettabladid.is

Í kvöld verður gengið um slóðir listakonunnar Ástu Sigurðardóttur. Leikarinn og leikstjórinn Ólafur Egilsson leiðir gönguna og segir frá Ástu, en hann skrifaði og leikstýrir verki um þessa einstöku konu, sem vonandi verður frumsýnt 18. september.

„Við vonum að leikhúsunum verði treyst til að lifa með veirunni og við fáum loks að frumsýna verkið. Það verður vonandi búið að sleppa þessum 200 manna samkomutakmörkunum, sem eru að gera okkur lífið leitt að minnsta kosti fram til 27. ágúst.“

Upphaflega átti að frumsýna verkið á síðasta ári.

„Það var náttúrulega ekki mögulegt. Þannig að við fórum bara í meiri heimildavinnu og enn þá frekari rannsókn á lífi og list Ástu þannig að verkið verður vonandi bara betra fyrir vikið,“ segir Ólafur léttur í bragði.

Mikil heimildarvinna

Ólaf hafði lengi langað til að gera verk um Ástu.

„Alveg frá því að ég las skáldskap Ástu í menntaskóla. Það þótti hipp og kúl, eins og það var kallað þá, að kunna skil á Ástu Sigurðardóttur og þekkja Dag Sigurðarson og Jónas Svafár og hin bóhem-skáldin, svona efmaður vildi vera samræðuhæfur í listaspírugengin,“ segir Ólafur hlæjandi og bætir svo við: „Mig hafði því lengi langað að gera verk um Ástu, hennar skáldskap og hennar líf, sem skaraðist ansi oft.“

Mikil heimildarvinna liggur að baki gerð verksins en Ólafur segir hana hafa gengið einstaklega vel.

„Uppi í Þjóðarbókhöllu eru varðveitt ýmis skjöl úr hennar fórum, þar á meðal ritgerðir hennar úr kennaraskólanum, óútgefin ljóð og drög að leikriti svo eitthvað sé nefnt.“

Í gegnum fjölskyldu Ástu fékk Ólafur líka aðgang að sendibrefum Ástu, sem sum hver hafa sést áður en önnur ekki.

„Það hefur líka töluvert verið skrifað um Ástu, Jón Óskar og Braga Kristjóns og henni bregður meira að segja fyrir sem sögupersónu í Sóleyjarsögu Elíasar Mar. Svo eru þau auðvitað hinar munnelegu heimildir, bæði hef ég talað við börn Ástu, skyldmenni og líka fjölmarga vini og samferðamenn. Fólk sem kannski þekkti hana ekki mikið, eða jafnvel hitt hana ekki nema einu sinni, en hefur varðveitt minninguna um hana.“

Minnisstæð kona

Ásta var mjög minnisstæð manneskja að sögn Ólafs og muna því margir vel eftir henni.

„Hvernig hún bar sig og hvernig hún klæddi sig. Fólk hefur verið duglegt að hafa samband við mig og svo hef ég líka leitað uppi fólk sem mögulega mundi eftir henni, samtímafólk hennar. Verkið er því samsett úr þessum skrifuðu heimildum, skáldskap Ástu, og minn-



Ólaf hafði lengi langað til að gera verk um listakonuna, sem var áberandi í bæjarlífi Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON



Mig hafði því lengi langað að gera verk um Ástu, hennar skáldskap og hennar líf, sem skaraðist ansi oft.

ingum fólks um þessa einstöku og hæfileikaríku konu. Þær eru margar algjörlega frábærar,“ segir hann.

Þetta eina og hálf ári sem bættist við ferlið vegna faraldursins, nýtti Ólafur í enn frekari heimildavinnu.

„Ég held að ég sé búinn að tala við í það minnsta 200 manns.“

Borgarbókasafnið hafði samband við Þjóðleikhúsið og kom með hugmyndina að baki kvöldgöngunni, þar sem Ólafur segði frá tímabili í lífi Ástu, þegar sem hún bjó og starfaði miðsvæðis í borginni.

„Mér fannst alveg upplagt að fá að miðla því sem ég hef víðað að mér um Ástu í þessum göngutúr. Ég hafði ekki beinlínis stúderað Reykjavík á þessum tíma per se, hvort þetta hús þar sem Ásta bjó eða starfaði stæði enn og svo framvegis, en þegar ég fór að kynna mér þá hlið kom margt áhugavert í ljós. Ég vissi til dæmis ekki að ljósmyndastofa Kaldals, þar sem fræg portrettmynd hans af Ástu var tekin, var einmitt til húsa á annarri hæðinni á Laugavegi 11, en á neðri hæðinni var auðvitað aðal listamannakaffihúsið á

þessum tíma, Laugavegur 11, sem Ásta stundaði mikið ásamt sinni bóhem kredsau.“

Umbrotatímar

Ásta starfaði um tíma í Kassagerðinni.

„Ég hafði alltaf hugsað mér kassagerðina þar sem hún er í dag, uppi í Laugarnesi. Amma mín, Margrét Erla Guðmundsdóttir, sagði mér að hún hefði þá verið uppi á Lindargötu, en hún ólst einmitt upp þar beint á móti. Ég var að lesa fyrir hana ritgerð Ástu þar sem hún lýsir því að mæta í vinnuna, koma inn í portíð og bíða eftir því að bjalla hringdi, sem þýddi að fólk mátti stimpla sig inn. Amma gat sagt mér hvernig þessi bjalla hljómaði, enda á hún minningar um að sitja við gluggann sem ung stúlka og horfa á fólkíð streyma að. Þá var Ásta algjörlega óþekkt, svo amma tók auðvitað ekkert sérstaklega eftir henni, en hún hefur líklega verið þarna.“

Gengið verður um miðbæinn sem rammar nokkurnveginn inn ákveðið tímabil í lífi Ástu.

„Hún bjó uppi í Garðastræti fyrst eftir að hún kom í bæinn, svo flutti hún í bragga í Vesturbænum, og þaðan seinna meir upp í Kópavog, þegar hún kynntist barnsföður sínum, Þorsteini frá Hamri. En þetta tímabil, þegar hún bjó í miðbænum og þar umkring var mikið umbrotatímabil í hennar lífi, þá birtir hún sína fyrstu sögu og er að sitja fyrir nakin í Myndlista- og handíðaskólanum og allur bærinn stóð hreinlega á öndinni yfir þessari dulúðugu og bráðgreindu stúlku, sem annaðhvort heillaði fólk eða hneykslaði upp úr skónum.“

Kvöldgangan hefst við Borgarbókasafnið í Grófinni klukkan 20.00. ■



UEFA
**EUROPA
CONFERENCE
LEAGUE™**

ABERDEEN v BREIÐABLIK

Í KVÖLD 18:35



SPORT

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**



550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.isAUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.isPRENTUN
Torg ehf.DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Stefán Ingvars
VigfússonarÞvotturinn
á snúrunni

Við Hófi, kærastan mín, settum okkur það markmið nýlega að þvo eina þvottavél á dag, sennilega er þetta stærsta skref sem við höfum stigið inn í fullorðinsdóm. Stærri en að flytja inn saman á stúdentagarða, þar sem við nýttum okkur það að hafa aðgang að fjórum þvottavélum til þess að klára allan þvott á einu bretti. Stærri en að kaupa okkur íbúð, enda er nú allt í kringum eignarhald einn stór þykjoleikur. Stærri en að lofa hvort öðru að vera saman uns yfir lýkur.

Það er alltaf þvottur á snúrunni alveg eins og í sólskalanum hjá mömmu og pabba. Ef ég dey eftir nákvæmlega 60 ár mun ég vita upp á hárfing margar vélar ég hef þvegið, 21.915. Ég ætla að láta greftra þá tölu á legsteininn minn. „Hér hvílir Stefán Ingvar Vigfússon, sem þvoði 21.915 vélar frá því að hann var 28 ára gamall. Samt var alltaf eitthvað í óhreina tauinu.“ Og börnin mín og barnabörnin mín munu heimsækja leiðið mitt og hugsa um mig og LG þvottavélina mína og börnin mín munu hugsa um þvottinn á snúrunni heima hjá sér og barnabörnin mín munu hugsa hvað afi var asnægur að halda tölu yfir þvottinn sem hann þvoði, hvað það var óþarfi að hafa alltaf þvott á snúrunni, að hafa eitthvað verkefni vandi yfir sér á hverjum degi. Vinnan, kvöldmaturinn, þvotturinn. Þau munu ákveða að þvo ekki á hverjum degi, best að gera það þegar þau fer að vanta fót. Þvo fjórar vélar í senn á stúdentagörðunum, fara í þykjoleik og kaupa íbúð, streitast á móti því að kaupa sér dýra þvottavél, láta undan og þvo 21.915 vélar, vinna frá 9-5 og láta greftra það á legsteininn sinn. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍVÍ-
tilboðNýtt
Apple TVVertu með Ljósleiðara hjá Nova og fáðu
splunkuflunkunýtt Apple TV á 19.990 kr.Apple
Apple TV
4K 2021
33.990 kr.
19.990 kr.19.990 kr.
með Ljósleiðara
hjá NovaDrífu þig á ljóshraða í næstu verslun og nældu þér
í nýjustu glápræjuna frá Apple áður en allt klárast.

INOVA

STÆRSTI
SKEMMI
STAÐUR
HEIMIS